

**Skýrsla**  
**starfshóps til að gera tillögu**  
**að lagalegum umbótum sem miða að því að**  
**bæta innheimtuhlutfall sekta og sakarkostnaðar**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar frá júní 2009 og eftirfylgniskýrslur stofnunarinnar frá október 2012 og desember 2015.....	4
3. Innheimta sekta og sakarkostnaðar.....	7
3.1. Ferill innheimtu.....	7
3.2. Ágallar á núverandi innheimtu.....	8
3.3. Yfirlit yfir útistandandi kröfur sekta, sakarkostnaðar og fleira 29. ágúst 2018.....	9
3.4. Endurbætur á innheimtuúrræðum.....	9
4. Tillögur starfshópsins.....	12
Frumvarp til laga.....	35

## Fylgiskjöl

1. Sérálit Hafdísar Guðmundsdóttur varðandi tillögu nr. 6
2. Sundurliðun á sektum og sakarkostnaði
3. Skýringar með tölfræðiupplýsingum FJR
4. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, lögum um meðferð sakamála og almennum hegningarlögum
5. Yfirlit yfir tillögur að lagabreytingum

## 1. Inngangur.

Hinn 31. október 2016 skipaði þáv. innanríkisráðherra starfshóp samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 15/2016, um fullnustu refsinga. Markmiðið var að gera tillögu að lagalegum umbótum sem miðaði að því að bæta innheimtuhlutfall sekta og sakarkostnaðar, jafnframt því sem fullnusta refsinga fari fram þannig að réttaröryggi almennings væri tryggt og tilætluð sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga væru virk.

Snorri Olsen, þáv. tollstjóri, var formaður starfshópsins, og aðrir í hópnum voru Þórunn J. Hafstein, þáv. skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, Birna Ágústsdóttir, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, Guðrún Inga Torfadóttir, lögfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, og Hafdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri hjá Fangelsismálastofnun ríkisins. Kristín Einarsdóttir, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, tók sæti Þórunnar J. Hafstein í upphafi starfsins. Erna Björg Jónmundsdóttir, deildarstjóri innheimtu sekta og sakarkostnaðar hjá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, tók þátt í starfi hópsins. Starfsmaður hópsins var Hermann Guðmundsson, lögfræðingur hjá Tollstjóra.

Verkefni starfshópsins á rætur að rekja til skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar*, frá júní 2009, þar sem fram kom að innheimtuárangur og innheimtuúrræði væru ófullnægjandi. Í verkefnisáætlun innanríkisráðuneytisins frá desember 2017 var verkefni starfshópsins lýst þannig að hann skyldi endurskoða úrræði stjórnvalda við innheimtu sekta og sakarkostnaðar, kanna hvaða lagaleg úrræði kæmu til álita til að hindra að eignum eða fjármunum væri skotið undan þegar sakfelling liggur fyrir og háar fjársektir blasa við og gera tillögu að lagalegum umbótum í því skyni að bæta innheimtuhlutfall sekta og sakarkostnaðar. Jafnframt skyldi hópurinn leggja mat á kosti og galla eftirtalins:

- Að leyfa samninga þar sem greiðslufrestur er lengri en eitt ár.
- Að takmarka heimildir til fullnustu vararefsinga fésekta með samfélagsþjónustu, t.d. með því að miða bæði við lágmarks- og hámarksfjárhæð sekta.
- Að taka upp innheimtuúrræði sem felur í sér heimild til að draga sektir frá launum sökunauta.
- Að leggja af heimild til afplánunar vararefsingar fésekta með samfélagsþjónustu yfirleitt eða vegna sekta umfram 8 millj. kr.
- Að heimila skuldajöfnun sektar, sakarkostnaðar eða endurkröfu bóta- eða gjafsóknarnefnda á móti inneign vegna ofgreiddra skatta og vaxtabóta.
- Að húsnaðið að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, eða annað húsnaði, verði tímabundið tekið undir afplánun vararefsingar fésekta og meta kostnað við úrræðið.

Ennfremur skyldi hópurinn taka saman innheimtuhlutfall sekta og sakarkostnaðar og afskriftir á undanförunum 10 árum og afla viðeigandi tölfræðiupplýsinga frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra (Innheimtumiðstöð/IMST), norrænum tengiliðum hans og Fangelsismálastofnun ríkisins. Hafa skyldi hliðsjón af fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2009. Þess væri vænst að starfhópurinn skilaði niðurstöðum eigi síðar en 1. apríl 2017.

Í þessari skýrslu er stuttlega lýst meginniðurstöðum Ríkisendurskoðunar samkvæmt fyrrnefndri skýrslu frá 2009 og eftirfylgniskýrslu frá 2010, sem, auk tillagna sýslumannsins á Blönduósi, er meðal þess sem leitt hefur til nokkurra umbóta á innheimtulegluverki sekta og sakarkostnaðar í fullnustulögum 2016. Þá er innheimtuferli sekta og sakarkostnaðar lýst og fjallað um ágalla á því og nauðsynlegar úrbætur. Að

lokum er gerð grein fyrir tillögum starfshópsins. Í fylgiskjöllum með skýrslunni eru drög að lagafrumvarpi sem af tillögnum leiðir og yfirlit um tölfræðiupplýsingar ásamt skýringum á þeim.

## 2. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar frá júní 2009 og eftirfylgniskýrslur stofnunarinnar frá október 2012 og desember 2015.

Í skýrslunni er fjallað um innheimtu dómsekta og sakarkostnaðar á árunum 2000-2006. Kannað var hversu stór hluti dómsekta fékkst greiddur og í hve miklum mæli vararefsing var afplánuð í fangelsi eða fullnustuð með samfélagsþjónustu.

Til samanburðar var litið til þessara mála í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Kom í ljós að þar er megináhersla lögð á innheimtu sekta og sakarkostnaðar. Innheimtustofnanir þar hafi ríkari lagaheimildir til að kanna eigna- og fjárhagsstöðu einstaklinga heldur en gilti hér á landi á þeim tíma, gætu krafist upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum og úr skattframtölum auk þess sem launaafdrætti er að jafnaði beitt. Launaafdráttur hafi þar reynst vera sterkasta fullnustuúrræðið vegna sekta. Launagreiðendum bæri að draga sektir frá launum samkvæmt kröfu innheimtuaðila og viðurlög lögju við ef því væri ekki sinnt. Í Danmörku og Noregi væri heimilt að frysta bankainnistæður. Í þessum löndum væri hins vegar ekki heimilt að fullnusta vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu.

Helstu niðurstöður úttektarinnar og tillögur Ríkisendurskoðunar í skýrslunni voru sem hér segir:

- Meginniðurstaðan var sú að lítill hluti dómsekta umfram 8 millj. kr. fékkst greiddur og hæstu sektir voru yfirleitt fullnustaðar með samfélagsþjónustu. Á tímabilinu voru:
  - 75 einstaklingar dæmdir til að greiða slíkar sektir, samtals um 1,9 ma. kr., í öllum tilvikum vegna skattalagabrota;
  - 3 þessara einstaklinga greiddu sekt sína, alls 42 millj. kr.;
  - 7 einstaklinganna afplánuðu vararefsingu í fangelsi vegna alls 376 millj. kr. sekta;
  - 61 einstaklingur fullnustaði vararefsingu með samfélagsþjónustu vegna alls 1,4 ma. kr. sekta og
  - í fjórum tilvikum voru sektir ógreiddar eða afskrifaðar vegna alls 69 millj. kr. sekta.
- Innheimta lægri sekta og sakarkostnaðar (undir 500 þús. kr.) væri í góðu horfi. Það hafi verið til mikilla bóta að fela einni stofnun (IMST) að annast alla sektarinnheimtu. Þar sé unnið í samræmi við reglur og áhersla lögð á að mál vinnist hratt og vel.
- Skoða þurfi heildstætt málefni samfélagsþjónustu og taka síðan afstöðu til þess hvort samfélagsþjónusta eigi að vera fullnustuúrræði á forræði stjórnvalda eða hvort hún ætti að vera skilgreind sem refsitægund í almennum hegningarlögum sem sé ákveðin af dómstólum. Samfélagsþjónusta hafi verið eins mikið notuð og raun ber vitni vegna skorts á fangelsisrymum og þar sem það sé mun ódýrari kostur en fangelsun.
- Með því að heimila að hærri sektir séu fullnustaðar með samfélagsþjónustu og vararefsing ekki afplánuð sé verið að milda viðurlög samkvæmt dómum. Í fæstum tilvikum sé í raun refsað, í lagalegum skilningi, fyrir skattalagabrot.
- Innheimtuaðili þurfi auknar heimildir til að kanna fjárhagsstöðu og þar með greiðslugetu sektarþola. Heimildir væru takmarkaðar við könnun á hvort hann væri skráður fyrir fasteign, bifreið, skipi eða báti, en heimildir innheimtuaðila á Norðurlöndum væru víðtækari.
- Kanna þurfi hvort lögfesta ætti heimild til launaafdráttar vegna innheimtunnar eins og gert sé í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hafi reynst þar árangursríkt innheimtuúrræði.

- Athuga þurfi hvort heimilt ætti að vera að beita kyrrsetningu eigna á rannsóknarstigi brots og almennt vegna máls til að koma í veg fyrir að sakborningur geti skotið eignum undan þegar háar fjársektir blasa við.
- Þótt samfélagsþjónusta geti talist ódýrt úrræði miðað við fangelsun verði einnig að meta afleiðingar af því fyrir almenn viðhorf í samfélaginu, skattheimtuna og þá sem að þar starfa ef „viðurlög“ í formi samfélagsþjónustu teljist vera væg úrræði. Tekjumissir ríkisins geti verið meiri en sem nemi kostnaði við fangelsun brotamanna.
- Dómsmálaráðuneytið ætti að láta gera faglega úttekt á kostum og göllum þess að dómstólar dæmi brotamenn til samfélagsþjónustu í stað þess að Fangelsismálastofnun ákveði hvort úrræðið sé nýtt. Kanna þurfi jafnframt hvort það sé skynsamlegt og hvort verið sé að senda rétt skilaboð með því að „hvítflibabrot“ séu fullnustuð með samfélagsþjónustu í þeim mæli sem raun beri vitni. Hafa verði í huga að eitt meginmarkmið refsinga sé að skapa almenn varnaðaráhrif.
- Úttektin hafi leitt í ljós að Fangelsismálastofnun sinni hlutverki sínu vel varðandi samfélagsþjónustu og leggi áherslu á að farið sé að gildandi lögum og reglum.
- Fjölga þurfi fangelsisrýmum verulega svo unnt sé m.a. að fullnusta vararefsingar fésekta með fangelsun í samræmi við dóma en skortur á rýmum væri ein meginástæða þess að í árslok 2008 hafi liðlega 1.600 manns verið á biðlista um slíka afplánun. Samkvæmt upplýsingum IMST í júní 2009 væri nánast ekki hægt að fá pláss í fangelsum til að fullnusta vararefsingar. Ekki væru líkur á að fækkaði á biðlistanum í bráð.
- Lagt er til að upplýsingakerfi aðila réttarvörslukerfisins verði betur tengd saman svo unnt sé á einum stað að rekja feril mála frá rannsókn til fullnustu. Það spari tíma, komi í veg fyrir margskráningu upplýsinga, auðveldi öflun tölfraeðiupplýsinga og tryggi upplýsingaöryggi.

Í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2012 segir að lítið hafi miðað við að bæta innheimtuhlutfall sekta og sakarkostnaðar. Það sé verulegt áhyggjuefni hve illa gangi að innheimta dómsektir og fækka þeim tilvikum þar sem beitt væri vararefsingu með fangelsun eða hún fullnustuð með samfélagsþjónustu. Fram kom að almennum hegningarlögum og skattalögum hafi verið breytt hvað varðar upptöku og kyrrsetningu eigna. Í innanríkisráðuneytinu væri unnið að langtímaáætlun á sviði fullnustumála, fullnustulög nr. 49/2005 hefðu verið endurskoðuð og tilbúin væru drög að frumvarpi til nýrra fullnustulaga sem að væri stefnt að leggja fram á haustþingi 2012. Þá var tölulegum upplýsingum bætt við frá því að fyrri skýrsla var gerð vegna árána 2007-2011. Á þeim tíma hafi 134 refsingar vegna skattalagabrota verið til fullnustu hjá Fangelsismálastofnun þar sem sektir voru á bilinu 8-120 m.kr., að heildarfjárhæð um 4 ma. kr. Áætlað væri að um 5% fjárhæðarinnar myndi innheimtast, eða um 200 m.kr., en refsing myndi í langflestum tilvikum verða fullnustuð með samfélagsþjónustu. Frá árinu 2007 hefðu 80% sekta yfir 8 millj. kr. verið fullnustaðar með samfélagsþjónustu.

Í skýrslunni var eftirtöldu beint til innanríkisráðuneytisins:

- Bæta þyrfti aðgengi innheimtuaðila að fjárhagsupplýsingum, m.a. í bankakerfinu. Þá þyrfti að bæta lagaleg úrræði til að hindra að eignum eða fjármunum væri skotið undan þegar háar fjársektir liggja fyrir.
- Lögfasta þyrfti heimild til launaafdráttar.
- Tengja þyrfti upplýsingakerfi aðila réttarvörslukerfisins.
- Rýmka þyrfti heimildir til greiðslusamninga, þannig að greiðslufrestur gæti orðið lengri en eitt ár.
- Takmarka bæri heimildir til að fullnusta vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu. Ríkisendurskoðun teldi samfélagsþjónustu beitt í óeðlilega ríkum mæli sem ætti nokkurn þátt í því hve lítill hluti dómsekta væri greiddur. Með því væri vegið að varnaðaráhrifum refsinga. Að

Óbreyttum fullnustulögum teldi Ríkisendurskoðun að setja ætti þrengri skorður við fullnustu refsinga með samfélagsþjónustu, t.d. með því að taka upp viðmið um hámarkssektarfjárhæð.

Í eftirfylgniskýrslunni komu ennfremur fram viðbrögð innanríkisráðuneytisins við framangreindum ábendingum Ríkisendurskoðunar. Ráðherra hefði efasemdir um launaafdrátt en málið yrði þó til skoðunar. Í drögum að frumvarpi til nýrra fullnustulaga væri gert ráð fyrir auknum heimildum innheimtuaðila til að afla upplýsinga varðandi sektarþola frá fjármálafyrirtækjum og ennfremur auknum heimildum til að sporna gegn undanskotum þegar háar fjársektir blasi við. Hvort tveggja tíðkaðist á öðrum Norðurlöndum. Í tengslum við mótun innanríkisstefnu væri unnið að áætlun um réttaröryggi sem ná ætti yfir samspil réttarvörslukerfisins. Markmiðið væri að tryggja skilvirkni og sem besta nýtingu fjármuna og samtenging upplýsingakerfa væri liður í að ná því markmiði. Huga þyrfti sérstaklega að upplýsingaöryggi og fjármögnun, sem ekki væri búíð að tryggja. Þá væri í frumvarpsdrögunum gert ráð fyrir að greiðslufrestur vegna greiðslusamninga gæti verið til 12 mánaða í senn, með heimild til framlengingar. Ráðuneytið benti á að ekki væri, að óbreyttum lögum, hægt að setja þrengri skorður við fullnustu refsinga með samfélagsþjónustu og í frumvarpsdrögunum væri ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á gildandi fyrirkomulagi.

Við gerð frumvarps til laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 var tekið mið af skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júní 2009 og tillögum sýslumannsins á Blönduósi frá 2010 sem þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðuneyti hafði falið embættinu að gera í samræmi við skýrsluna. Tillögur Ríkisendurskoðunar og sýslumanns um að innheimtuaðili sekta fengi heimild til að beita launaafdrætti og heimild til skuldajafnaðar vegna inneignar skuldara hjá ríkissjóði urðu ekki að lögum. Aðrar umbótatillögur náðu þó fram að ganga, svo sem hvað varðar upplýsingaöflun frá fjármálafyrirtækjum, úrræði til að sporna gegn undanskotum o.fl.

Í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar frá desember 2015 segir að í frumvarpi til fullnustulaga sem lagt var fram á Alþingi í nóvember það ár væri komið til móts við ábendingu Ríkisendurskoðunar um að efla lagaleg úrræði vegna undanskota sektarþola og að rýmka heimild til könnunar eigna- og fjárhagsstöðu hans. Ekki væri þar hins vegar fjallað um launaafdrátt sem innheimtuúrræði. Ábending um slíkt væri ekki ítrekuð þar sem málið væri hjá Alþingi, en áréttað að um væri að ræða hagkvæmt, skilvirkt og árangursríkt úrræði. Væri launaafdrætti þegar beitt í hluta af þeim tilvikum þegar kröfur færu til innheimtu í Svíþjóð og Noregi. Hvatt var til þess að við afgreiðslu frumvarpsins yrði litið til kosta launaafdráttar. Ábending varðandi samtengingu upplýsingakerfa réttarvörslukerfisins væri ekki ítrekuð þar sem þegar væri að því unnið. Hins vegar þótti Ríkisendurskoðun ástæða til að ítreka ábendingu um rýmkun heimilda innheimtuaðila til að gera greiðslusamninga við sektarþola. Varðandi ábendingu um frekari skilyrði fyrir fullnustu refsinga með samfélagsþjónustu til að fækka þeim tilvikum þegar háar dómsektir væru fullnustaðar þannig, taldi Ríkisendurskoðun ekki efni til að ítreka hana þar sem frumvarpið væri til meðferðar á Alþingi. Þó var hvatt til þess að við meðferð frumvarpsins yrði hugað að þeim þáttum og m.a. hvort rétt væri að Fangelsismálastofnun ákvæði beitingu úrræðisins en ekki dómstólar.

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram að skoðað var hvort setja ætti þak á fjárhæð sekta sem heimilt væri að fullnusta með samfélagsþjónustu. Ríkisendurskoðun taldi ótækt að háar fjársektir væru fullnustaðar með vinnuframlagi sem væri í litlu samræmi við ávinning af broti. Nefndin sem vann frumvarpið taldi að samfélagsþjónusta væri mun meira íþyngjandi en flestir gerðu sér grein fyrir. Hjá nefndinni kom og fram að sektir yrðu að vera raunhæfar. Nærtækara væri vegna skattalagabrotu að dæma í óskilorðsbundið fangelsi fremur en að sekta um tugi eða hundruð milljóna króna þar sem innheimta svo hárra fjárhæða væri í flestum tilvikum óraunhæf. Var því mat nefndarinnar að fela ætti refsiréttarnefnd að taka málið til skoðunar.

### 3. Innheimta sekta og sakarkostnaðar.

#### 3.1. Ferill innheimtu.

Sektir, og eftir atvikum sakarkostnaður, koma fullnustuhæfar til innheimtu hjá sýslumanninum á Norðurlandi vestra (IMST), ýmist frá Fangelsismálastofnun (dómsárituð sektarboð, dómar og viðurlagaákvarðanir) eða viðeigandi lögregluembætti (vettvangsskýrslur og lögreglustjórasektir). Innheimtubríf eru send skuldurum, sem ekki hafa greitt tímanlega, og þeim bent á að greiða eða semja um greiðslur til að komast hjá frekari innheimtuaðgerðum. Að jafnaði líða a.m.k. fjórar vikur frá dagsetningu innheimtubrúfs þar til aðfararbeiðni er send, hafi skuldari ekki brugðist við bréfinu.

Almennt er heimilt að dreifa greiðslum til allt að eins árs, sbr. 2. mgr. 87. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016. Óski skuldari lengri greiðsludreifingar þarf hann að sækja um slíkt á sérstöku eyðublaði og gera grein fyrir þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru og ættu að leiða til þess að lengri greiðslufrestur sé veittur, sbr. lokamálslið ákvæðisins. Síðasta skattframtal er nauðsynlegt fylgigagn umsóknar en auk þess getur umsækjandi um lengri greiðslufrest lagt fram hver þau gögn sem hann telur styðja umsókn sína. Við mat á umsókn er litið til fyrirliggjandi gagna um tekjur/fjárhag umsækjanda, fjárhæðar sektar og eftirstöðva fyrningartíma. Umsækjanda er í kjölfarið boðinn greiðslusamningur sem tekur mið af greiðslugetu hans og því að sekt greiðist upp fyrir fyrningu. Þegar um mjög háar sektir er að ræða getur þetta mat orðið erfiðleikum bundið, enda fáir sem hafa slíka greiðslugetu að sektir sem hlaupa á milljónum greiðist upp fyrir fyrningu. Í slíkum tilvikum hefur verið brugðið á það ráð að krefja um allra hæstu greiðslur sem greiðslugeta heimilar en gera mönnum jafnframt grein fyrir því að væntanlega komi til afplánunar vararefsingar vegna eftirstöðva síðar meir, nema greiðslur hækki verulega. Eins og gefur að skilja þykir mörgum hverjum slíkir samningar lítt fýsilegir, enda liggur þá fyrir í upphafi að þrátt fyrir mánaðarlegar greiðslur til einhverra ára muni koma til afplánunar sem mögulega verður litlu styttri en afplánun sektarinnar að fullu. Þess má geta hér að sektir sem eru 10.000.000 kr. eða hærri greiðast nánast aldrei og er vararefsing þeirra mestmegnis afplánuð með samfélagsþjónustu.

Bregðist skuldari ekki við innheimtubrúfi með því að greiða sektina eða semja um greiðsludreifingu samkvæmt ofangreindu fer aðfararbeiðni af stað u.þ.b. fjórum vikum frá dagsetningu innheimtubrúfs, eins og fyrr segir. Eigi skuldari fasteign, ökutæki eða bát, eða hafi upplýsingar um innistæður/verðbréfaeignir borist frá banka, er fjárnám gert í þeim verðmætum að ábendingu sýslumanns, ella verður fjárnám árangurslaust og skráning á sér stað hjá vanskilaskrá Creditinfo. Nokkuð er um að skuldari semji á þessu stigi, þ.e. í kjölfar fjárnáms, þá ýmist til að koma í veg fyrir nauðungarsölu, hafi fjárnám verið gert í fasteign/ökutæki, eða til að losna af vanskilaskrá.

Sé ekki samið í kjölfar fjárnáms í eign er farið fram á nauðungarsölu eignarinnar. Nauðungarsölubeiðni er ekki afturkölluð þótt samningur sé gerður á þessu stigi en byrjun uppboðs hefur þó verið frestað meðan greiðslur samkvæmt slíkum samningi berast. Þegar heimildir til frestunar byrjunar uppboðs hafa verið fullnýttar verður fullnaðargreiðsla að berast til að komið verði í veg fyrir lokasölu. Þó að lokasala fari fram með árangri hafa menn tíma á samþykkisfresti til að gera kröfuna upp. Veittur hefur verið langur samþykkisfrestur í þeim tilvikum sem óskað er eftir slíku. Þegar árangurslaust fjárnám hefur verið skráð á vanskilaskrá er afturköllun skráningarinnar háð því að greitt sé  $\frac{1}{4}$  -  $\frac{1}{2}$  inn á kröfu (eftir fjárhæð) og samið um eftirstöðvar. Þeir sem ekki hafa haft tök á að greiða eingreiðslu í upphafi en semja og standa við samning geta fengið skráningu afturkallaða þegar  $\frac{1}{4}$  -  $\frac{1}{2}$  hluti kröfunnar hefur samtals verið greiddur með mánaðarlegum afborgunum. Falli samningar úr gildi, sem gerðir hafa verið eftir árangurslaust fjárnám, fer fram endurskráning hjá Creditinfo.

Hafi framangreindar innheimtuaðgerðir ekki tilætluð áhrif er tekin ákvörðun um afplánun vararefsingar sekta, en eðli máls samkvæmt liggur vararefsing ekki við sakarkostnaði. Miðað er við að um ár sé í

fyrningu sektarinnar þegar slík ákvörðun er tekin. Sektir undir 60.000 krónum fyrnast á þremur árum frá því að sekt er fullnustuhæf en sektir yfir þeirri fjárhæð á fimm árum. Aðeins er unnt að framlengja fyrningartíma sekta með fjárnámi eða samskonar tryggingu í eign, en almennar reglur fyrningarlaga um slit fyrningar á fjárkröfum gilda ekki um sektir. Þannig hefur það engin áhrif á fyrningartíma sektar þó samið sé um sekt, greitt inn á hana eða gert árangurslaust fjárnám.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um afplánun vararefsingar og hún birt getur sektarþoli sótt um til Fangelsismálastofnunar að í stað afplánunar í fangelsi komi ólaunuð samfélagsþjónusta. Slíkum umsóknum er ýmist synjað eða þær samþykktar, eftir því hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði samfélagsþjónustu. Sektarþoli sem ekki hefur sótt um samfélagsþjónustu, verið synjað eða rofið skilyrði hennar er færður til afplánunar vararefsingar í fangelsi losni pláss áður en sekt/sektir hans fyrnast. Sektarþoli getur á hverjum tíma greitt sekt sína að fullu til að komast hjá afplánun eða greitt inn á hana til að stytta afplánunartíma. Ekki er unnt að semja um greiðslur á þessu stigi til að komast hjá afplánun.

### 3.2. Ágallar á núverandi innheimtu.

Þótt framangreint innheimtuferli kunni að virðast skilvirkt og jafnvel aðgangshart gagnvart skuldurum sem ekki greiða af fúsum og frjálsum vilja eru margvíslegir hnökrar á því ferli sem hér hefur verið lýst.

Fyrst ber að nefna að stór hluti þeirra skuldara, sem á annað borð þarf að fara í virka innheimtu gagnvart, eru eignalausir og þegar skráðir á vanskilaskrá. Því hafa viðvaranir um yfirvofandi fjárnám oft lítil sem engin áhrif á þessa aðila. Þá eru þær eignir sem fjárnám er gert í til tryggingar sektum/sakarkostnaði oftast en ekki þegar að fullu veðsettar. Komi til nauðungarsölu á þeim eru þær því oftast ýmist árangurslausar eða lánastofnun sem framar er á veðrétti leysir til sín eignina. Helst er að fjárnám í full- eða yfirveðsettri eign trufla skuldara þegar til stendur að selja eignina eða endurfjármagna en að öðru leyti er fjárnámið sem slíkt skuldara að meinalausu. Sjaldgæft er að greiðsla komi upp í kröfur sýslumanns í kjölfar nauðungarsölu eignar, hvort sem um fasteign eða ökutæki er að ræða. Það kann að hluta að skýrast af því að þeir, sem þó eiga einhverja eign í fasteign sinni eða ökutæki, geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir nauðungarsölu þessara eigna, svo sem greiði eða semji um greiðslur í kjölfar fjárnáms eða við upphaf nauðungarsölufelís. Þá er sérstökum erfiðleikum bundið að framkvæma nauðungarsölu ökutækja utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem aðila sem taka að sér vörslusviptingar skortir. Rétt er að geta þess að IMST býður alla jafna ekki í eignir sem farið er fram á nauðungarsölu á.

Til viðbótar framangreindu hefur eignum oft verið afsalað til nýrra eigenda þegar að boðuðum fjárnámsdegi kemur eða eftir að fjárnám hefur verið gert og til þinglýsingar kemur. Á þetta einkum við um ökutæki og annað lausafé en sjaldnar fasteignir. Í einhverjum tilvikum er um tilviljanir að ræða en í öðrum kann undanskot eigna að vera skipulagt. Í einstaka tilvikum sem þótt hafa sérstaklega grunsamleg hafa skilasvik verið kærð til lögreglu en rannsókn slíkra mála hefur enn sem komið er ekki leitt til saksóknar. Heimild innheimtuaðila til að gera aðför hjá þriðja aðila vegna undanskots eigna er í 94. gr. laga um fullnustu refsinga. Henni verður einungis beitt vegna ráðstafana eigna á síðustu sex mánuðum fyrir brotadag eða frá brotadegi þar til rannsókn hófst og að fullnægðum öðrum skilyrðum. Heimildinni er því sett nokkuð þröngur tímaskorður. Ástæða er til að ætla að undanskot geti átt sér stað síðar og myndi það styrkja stöðu innheimtuaðila til að sporna gegn þeim ef heimildin næði til lengra tímabils. Að lokum ber að nefna almennan og viðvarandi skort á afplánunarrýmum fyrir vararefsingu fésekta sem gerir að verkum að viðlögð vararefsing reynist ekki eins greiðsluhvetjandi og hún gæti verið. Óumdeilt er að raunveruleg yfirvofandi afplánun vararefsingar hvetur menn til greiðslu, ef ekki áður en að henni kemur, þá á þeim degi sem afplánun á að hefjast eða meðan á henni stendur. Séu afplánunarláss hins vegar ekki fyrir hendi fyrnast sektir þótt tekin hafi verið ákvörðun um afplánun vararefsingar þeirra nema sektarþoli hafi sótt um að ólaunuð samfélagsþjónusta komi í stað afplánunar vararefsingar í



fangelsi, slík umsókn verði samþykkt og sektarþoli fallist á skilyrði samfélagsþjónustunnar með undirritun sinni. Afplánun vararefsingar með ólaunaðri samfélagsþjónustu hefur því í auknum mæli orðið raunhæfasta úrræðið til fullnustu hærri sekta.

### 3.3. Yfirlit yfir útistandandi kröfur sekta, sakarkostnaðar og fleira 29. ágúst 2018.

Upplýsingar hafa verið teknar saman m.a. frá Fjárslu ríkisins um fjárhæð sekta og sakarkostnað miðað við uppkvaðningarár, innheimtu þeirra og afskriftir m.v. stöðuna eins og hún var um mitt ár 2018. Um er að ræða eftirfarandi fimm flokka:

1. Sektir og sakarkostnaður skv. viðurlagaákvörðun dómara (DL)
2. Dómsektir og sakarkostnaður (DO)
3. Dómsárituð sektarboð (DR)
4. Lögreglustjórasettir, sektargerð (LK)
5. Sektir, vettvangsskýrsla (LU)

Útistandandi kröfur í þessum fimm flokkum voru 7.927 m.kr. í lok ágúst 2018. Tveir flokkar skera sig þar úr með 96% af heild, þar af er „dómsektir og sakarkostnaður“ með 88% og „lögreglustjórasettir og sektargerð“ tæplega 8%. Innheimtuárangur fyrri flokksins er áberandi verstur, þar sem innheimtast innan við 10% af sektinni sjálfri en tæplega 30% af sakarkostnaði. Þetta á líka við um útistandandi kröfur af upprunalegri álagningu sem nema rúmlega 27% og 34% sé sakarkostnaður talinn með, á meðan samsvarandi hlutfall fyrir lögreglustjórasettir er tæplega 11% og 12%.

Tillögur nefndarinnar að úrbótum hljóta því fyrst og fremst að beinast að flokki 2. Þar er niðurstaðan óviðunandi eins og sakir standa líkt og sjá má á neðangreindri töflu.

	Staða 29.08.2018		Álagning m.kr.	Innheimta m.kr.	Innheimtuhlutf. %
	m.kr.	%			
1. Sektir og sakarkostnaður skv. viðurlagaákv. dómara	195,6	2,5	1.234,9	712,6	57,7
– Sektir	94,2	1,2	918,0	547,8	59,7
– Sakarkostnaður	101,4	1,3	316,9	164,8	52,0
2. Dómsektir og sakarkostnaður	6.958,0	87,8	20.317,9	3.176,9	15,6
– Sektir	3.772,6	47,6	13.906,4	1.267,6	9,1
Undir 10 m.kr.	265,1	3,3	2.545,7	1.059,0	41,6
Yfir 10 m.kr.	3.507,4	44,2	11.360,6	208,5	1,8
– Sakarkostnaður	3.185,4	40,2	6.411,4	1.909,3	29,8
3. Dómsárituð sektarboð	27,2	0,3	903,0	711,2	78,8
4. Lögreglustjórasettir, sektargerðir	603,5	7,6	4.419,4	2.925,8	66,2
– Sektir	452,9	5,7	3.683,4	2.403,8	65,3
– Sakarkostnaður	150,6	1,9	736,1	522,0	70,9
5. Sektir vettvangsskýrslna	142,4	1,8	2.739,1	1.966,1	71,8
<b>Útistandandi kröfur, samtals</b>	<b>7.926,7</b>	<b>100,0</b>	<b>Samtals 29.614,3</b>	<b>9.492,5</b>	<b>32,1</b>


### 3.4. Endurbætur á innheimtuúrræðum.

Af umfjöllun kafla 3.2. hér að framan má ráða að innheimtuúrræði snúa einna helst að þeim sem skráðir eru fyrir eignum af einhverjum toga, óháð tekjum eða greiðslugetu að öðru leyti, en minni áhersla er

lögð á að virk innheimta, þ.e. fullnusta aðalrefsingar, fari fram gagnvart þeim sem hafa í reynd tekjur og greiðslugetu en eru ekki skráðir fyrir eignum. Virk innheimtuúrræði þyrftu að vera fyrir hendi gagnvart hvorum hópi fyrir sig. Vararefsingu væri þá aðeins beitt gagnvart þeim sem hvorki hafa tekjur né eignir til að greiða sektir áður en þær fynast.


Heimild til launaafdráttar er talin raunhæfasta úrræðið til aukinnar innheimtu sekta og sakarkostnaðar og þannig fullnustu aðalrefsingar. Þá myndi slík heimild öðru fremur tryggja að jafnt væri komið á með þeim sem skráðir eru fyrir eignum, annars vegar, og þeim sem hafa greiðslugetu, hins vegar, hvað innheimtuþunga varðar. Í fyrsta innheimtubréfi yrði skuldari varaður við yfirvofandi launaafdrætti og eftir atvikum fjárnámi og nauðungarsölu ef ekki er greitt eða samið um greiðslu innan tilgreindra tímamarka. Möguleikar til launaafdráttar yrðu í kjölfarið kannaðir samhliða eignakönnun til fjárnáms. Talið er að launaafdráttur geti hvort tveggja með beinum og óbeinum hætti leitt til aukinnar innheimtu þar sem vitneskja um fyrirhugaðan launaafdrátt stuðli að auknum samnings- og greiðsluvilja skuldara án þess að til launaafdráttarins þurfi í reynd að koma.

Líkt og ítrekað hefur komið fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar er launaafdráttur meginúrræði við innheimtu sekta- og sakarkostnaðar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hafi ekki verið samið um kröfurnar. Hópurinn telur rétt að líta til þess sem gefist hefur vel í nágrannalöndum við gerð tillagna að auknum innheimtuúrræðum hér á landi. Launaafdráttur er skýrasta dæmið um skilvirkt innheimtuúrræði sem beitt er á hinum Norðurlöndunum en skortir hér. Neðangreind mynd er tekin úr ársskýrslu norsku innheimtumiðstöðvarinnar (Statens inkrevingsssentral)<sup>1</sup> árið 2014 og sýnir greiðslur inn á vanskilakröfur sem borist hafa á grundvelli innborgana/samninga (n. avdrag), launaafdráttar (n. lønnstrekk) og bótaafdráttar (n. trygdetrekk). Líkt og myndin ber með sér reynist launaafdráttur vera skilvirkasta úrræðið til innheimtu vanskilakrafna.



Í sömu ársskýrslu má sjá mynd sem sýnir skiptingu greiðslna inn á allar kröfur (ekki aðeins þær sem komnar eru í vanskil) eftir því á hvaða stigi innheimtan er. Þar má einnig sjá að launaafdráttur reynist virkasta úrræðið ef frá eru taldar greiðslur sem berast um hæl við fyrsta innheimtubréf/greiðsluseðil (n. etter faktura). Greiðslur á grundvelli annarra þvingunaraðgerða (n. ved annen tvangsinnkreving) eru sýnilega lægri.

<sup>1</sup> Ársskýrslur Statens inkrevingsssentral fyrir árin 2001 – 2014 má finna á slóðinni: <https://www.sismo.no/no/pub/si/om/aarsmelding>



Til að auka innheimtuhlutfall sekta þykir einnig nauðsynlegt að lögfasta heimild til að skuldajafna sekt á móti inneignum vegna oftekinna skatta en almennar heimildir til skuldajöfnunar hafa ekki þótt veita slíkri skuldajöfnun næga lagastoð. Að sama skapi er talið nauðsynlegt að sektum og sakarkostnaði verði bætt við tæmandi upptalningu þeirra krafna ríkissjóðs sem heimilt er að skuldajafna á móti vaxtabótum skv. reglugerð 900/2001 um greiðslu vaxtabóta, með síðari breytingum. Óeðlilegt þykir að inneignir af framangreindum toga séu greiddar úr ríkissjóði til einstaklinga sem á sama tíma skulda sektir og sakarkostnað. Rétt er að geta þess að annars vegar er um að ræða refsingu í formi sektar sem ber að innheimta og hins vegar útlagðan kostnað af hálfu ríkissjóðs vegna refsiverðrar háttsemi viðkomandi einstaklings.

Til viðbótar framangreindu leggur starfshópurinn til að innheimtuaðila sekta og sakarkostnaðar verði veitt heimild til kyrrsetningar eigna til tryggingar greiðslu sekta og sakarkostnaðar en slíka heimild hefur lögregla nú þegar á rannsóknarstigi brota sbr. 88. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Eðlilegt þykir að heimildin sé einnig fyrir hendi á síðari stigum, þ.e. þegar kemur að innheimtu sekta og sakarkostnaðar og meðan á þeirri innheimtu stendur. Heimildin þykir sérstaklega mikilvæg til að tryggja fullnustu í eignum sem tiltölulega einfalt er að færa til eða hafa eigendaskipti að, t.d. innstæðum á bankareikningum og ökutækjum. Þá þykir rétt að heimild innheimtuaðila til að gera aðför hjá þriðja aðila vegna undanskots eigna, sbr. 94. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016, nái ekki aðeins til ráðstafana sökunautar fram að þeim tíma sem rannsókn á broti hans hófst heldur einnig þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið síðar. Undanskot eigna kynni enda að eiga sér stað allt fram að þeim tíma sem fullnustu er í reynd leitað í viðkomandi eignum. Starfshópurinn leggur því til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimildin nái til lengra tímabils.

Til þess að bæta innheimtu hærri sekta er talið nauðsynlegt að lengja fyrningartíma þeirra og setja ný ákvæði um slit á fyrningu. Sem fyrr segir er fyrning sekta undir 60.000 krónum nú þrjú ár og fimm ár sé sekt yfir þeirri fjárhæð, sbr. 83. gr. a. alm. hgl. nr. 19/1940. Þannig hefur 60.000 kr. sekt sama fyrningartíma og sekt að fjárhæð 100.000.000 kr. Þá er aðeins unnt að framlengja fyrningu sektar um tvö ár sé greiðsla hennar tryggð með fjárnámi í eign eða með sambærilegum hætti. Til að innheimta sektar yfir 5.000.000 kr. verði raunhæf innan fyrningartíma þykir rétt að lengja fyrningartíma í tíu ár hið minnsta, með auknum möguleikum á slitum fyrningar. Slíkt gæfi skuldurum meira svigrúm til að greiða niður sektir sínar á lengri tíma auk þess sem til ákvörðunar um afplánun vararefsingar og mögulegrar samfélagsþjónustu kæmi ekki nema í undantekningartilvikum. Auknir möguleikar til fyrningarrofs væru raunar til bóta gagnvart allri sektainnheimtu, ekki aðeins innheimtu hærri sekta.

Til að auka varnaðaráhrif hærri sekta og sporna gegn afplánun vararefsingar þeirra með samfélagsþjónustu sem kann að vera í litlu samhengi við ávinning af broti er lagt til að ekki verði heimilt að fullnusta vararefsingu sekta yfir 10.000.000 kr. með samfélagsþjónustu. Takmörkun heimildar til fullnustu vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu við ákveðna hámarksfjárhæð kynni að hafa

sérstaklega hvetjandi áhrif á skuldunauta til gerðar ráðstafana um greiðslu hærri sekta, að því gefnu að fangelsispláss til vararefsingar séu tryggð, að ótöldum varnaðaráhrifum gagnvart brotum sem slíkar sektir eru lagðar við. Séu fangarými hins vegar ekki tryggð kynni slík ráðstöfun í lögum þó að hafa gagnstæð áhrif, þ.e. varna því að nokkur fullnusta fáið vegna sekta yfir téðri hámarksfjárhæð. Fjölgun fangelsisplássna til afplánunar vararefsingar samhliða takmörkuninni er því lykilþáttur í að tilætluðum árangri verði náð með aukinni hvatningu til greiðslu og/eða gerðar greiðslusamninga um sektir. Til viðbótar setningu hámarksfjárhæðar sekta þar sem unnt verði að fullnusta vararefsingu með samfélagsþjónustu er talið tímabært að heimila að viðlögð vararefsing verði lengd úr einu ári í tvö. Til að gæta samræmis er gert ráð fyrir að hámarkstímabildi samfélagsþjónustu verði þá 960 tímar í stað 480 tíma nú. Vararefsingin er lögð við sektum á mjög breiðu fjárhæðarbili og þykir því þörf á meira svigrúmi til að stuðla að því að viðlögð vararefsing verði í nánara samhengi við fjárhæðir sekta. Tillagan er auk þess talin geta aukið varnaðaráhrif hærri fésekta.

Þá er að lokum lagt til að sektir og viðlagðar vararefsingar verði undanþegnar ákvæðum 2. másl. 2. mgr. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, er varða tveggja ára fyrningartíma krafna við lok gjaldþrotaskipta. Óeðlilegt verður að telja að refsingar geti yfir höfuð fallið niður vegna gjaldþrotaskipta sektarþola, hvort tveggja aðalrefsing og vararefsing hennar, en þess má geta að óskilorðsbundnar fangelsisrefsingar falla eðli máls samkvæmt ekki niður vegna gjaldþrotaskipta sakamanns. Þar sem ekki er um almennar fjárkröfur að ræða er talið rétt að hið sama gildi um sektarefsingar enda er það aðeins forseti sem náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka skv. 29. gr. stjkskr. Því er lagt til að reglur um fyrningu og slit fyrningar sekta skv. alm. hgl. nr. 19/1940 standi eftir sem áður óhaggaðar þrátt fyrir gjaldþrot sektarþola.

#### 4. Tillögur starfshópsins.

Í ljósi framangreinds eru tillögur starfshópsins eftirfarandi, en saman eru þær taldar geta stuðlað að bættu innheimtu hlutfalli sekta og sakarkostnaðar:

1. Heimild innheimtuaðila til launaafdráttar verði lögfest meðal innheimtuúrræða í XI. kafla laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Um tilhögun launaafdráttar verði nánar fjallað í reglugerð.
2. Heimild innheimtuaðila til skuldajöfnunar við inneignir í opinberum gjöldum verði lögfest meðal innheimtuúrræða í XI. kafla laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Sektum og sakarkostnaði verði jafnframt bætt við upptalningu krafna sem heimilt er að skuldajafna á móti vaxtabótum skv. reglugerð um greiðslu vaxtabóta, nr. 990/2001, með síðari breytingum.
3. Heimild innheimtuaðila til kyrrsetningar verði lögfest meðal innheimtuúrræða í XI. kafla laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, og heimild til aðfarar skv. 94. gr. sömu laga verði lagfærð þannig að hún nái til lengra tímabils en nú.
4. Fyrningartími sekta skv. 1. mgr. 83. gr. a. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, verði lengdur og viðmiðunarfjárhæðir fyrir lengri og skemmri fyrningartíma samkvæmt ákvæðinu hækkaðar.
5. Ákvæði 2. og 3. mgr. 83. gr. a. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um slit fyrningar sekta og vararefsinga verði færð nær þeim reglum sem almennt gilda um slit fyrningar kröfuréttinda.
6. Sett verði 10.000.000 kr. hámarksfjárhæð sekta sem unnt verði að fullnusta með samfélagsþjónustu, sbr. 1. mgr. 89. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Tillaga frá Hafðísi Guðmundsdóttur; miðað verði áfram við 360 daga vararefsingu fésektar sem hámark þeirrar vararefsingar sem heimila skuli í samfélagsþjónustu.
7. Hámarks tímallengd vararefsingar skv. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, verði færð úr einu ári í tvö og hámark klukkustunda í samfélagsþjónustu skv. 89. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 verði til samræmis fært úr 480 í 960 klst.

8. Að lögfest verði ákvæði er varni því að 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, leiði til niðurfellingar sektarefsinga og vararefsinga er við þeim liggja.
9. Starfshópurinn leggur til að tryggð verði tíu fangarými fyrir afplánun vararefsinga. Starfshópnum hefur borist þær upplýsingar að ráðuneytið hafi þegar ákveðið að frá næstu áramótum verði tíu fangarými notuð fyrir afplánun vararefsinga.

Framangreindum tillögum nr. 1-8 hefur verið stillt upp í formi frumvarps til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, lögum um meðferð sakamála og almennum hegningarlögum og er frumvarpið fylgiskjal með skýrslu þessari.

Tekið skal fram að Hafdís Guðmundsdóttir er með sérálit varðandi tillögu nr. 6, samanber fylgiskjal 1.

Reykjavík, desember 2018,




Snorri Olsen

formaður starfshóps



Birna Ágústsdóttir



Guðrún Inga Torfadóttir



Hafdís Guðmundsdóttir



Kristín Einarsdóttir

Sérálit Hafdísar Guðmundsdóttur.

Varðandi tillögu starfshópsins um breytingu á fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu á þann veg að ekki verði heimilt að fullnusta vararefsingu féseкта yfir 10.000.000 kr. leggur einn nefndarmanna, Hafdís Guðmundsdóttir, til að áfram verði heimilað verði að fullnusta allt að 360 daga vararefsingu féseкта með ólaunaðri samfélagsþjónustu, en þó minnst **45** klst. og mest **540** klst.

Fésekt er vægasta tegund refsingar og orkar það tvímælis að dómþoli sem dæmdur er í allt að 12 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu geti afplánað refsingu sína utan fangelsa en vægari refsing leiðir til afplánunar í fangelsi af þeirri ástæðu að sekt fæst ekki greidd. Áréttað er að mikilvægt er að leita allra leiða til að fá sektir greiddar, sjá tillögur starfshópsins þar um.

Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga, er heimilt að veita þeim dómþolum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu í fangelsi leyfi til að afplána síðasta hluta refsingarinnar undir rafrænu eftirliti sbr. 32. gr. fullnustulaga, uppfylli þeir skilyrði þar um og jafnframt er heimilt að veita þeim dómþolum reynslulausn þegar liðinn er 1/3, helmingur eða 2/3 hlutar refsitímans uppfylli þeir skilyrði sbr. 80. gr. fullnustulaganna. Ekki er heimilt að veita vararefsingarmönnum leyfi til að afplána vararefsingu undir rafrænu eftirliti né að veita þeim reynslulausn.

Þrátt fyrir að vararefsingarmenn sem afplána vararefsingu geti ávallt greitt eftirstöðvar sektar sinnar og losnað þar með út úr fangelsi er fangelsisvist þeirra sem ekki geta það mun þungbærari en þeirra sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu. Fullnusta refsinga með samfélagsþjónustu hefur gengið mjög vel og hefur slík fullnusta komið í veg fyrir slæmar afleiðingar afplánunar í fangelsi og minnkað þann kostnað sem fangelsisvist hefur í för með sér en hún er umtalsverð. Ítrekunartíðni þeirra sem afplána með samfélagsþjónustu er lág og hefur verið sú lægsta hér á landi miðað við hin Norðurlöndin sem gefur til kynna að hún hafi tilætluð varnaðaráhrif í för með sér.

Á síðustu 5 árum hefði að meðaltali þurft um 15 fangelsispláss á hverju ári bara fyrir þá vararefsingarmenn sem hófu samfélagsþjónustu vararefsinga vegna 10.000.000 kr. féseкта eða hærri.

Í ljósi framanritaðs þykir skynsamlegra að geta heimilað þeim dómþolum sem sannanlega geta ekki greitt sektir sínar og uppfylla skilyrði þar um, að afplána vararefsingu allt að 360 dögum með samfélagsþjónustu og vinna þannig ólaunuð störf í þágu samfélagsins og um leið bætt fyrr brot sín.

## Sundurliðun á sektum og sakarkostnaði



Skýrslan var unnin af Fjársýslu ríkisins í samráði við Tollstjóra og Sýslumenn sumarið 2018.

Gögnin ná fram til og með 29.08.2018.


Breytingar á sektum geta komið til vegna afplánunar innan eða utan fangelsis eða með samfélagsþjónustu eða afsláttar þegar greitt er innan ákveðinna tímamarka. Breyting vegna sakarkostnaðar er helst ef krafan er felld niður eftir að lögmaður/verjandi hefur gefið út yfirlýsingu um að hann muni ekki krefja ríkissjóð um greiðslu málsvarnarlauna og því verði hann ekki innheimtur hjá skjólstæðingi hans.



Tafla 1 Sektor skv. viðurlagaákvörðun dómara

	Álagning (ÁL)			Greitt (GR)			Breyting (BR)			Afskrift (AF)			Staða í lok tímabils (LOK)		
	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð
<b>DL (Sektor skv. viðurl. ákv. dómara)</b>	<b>1.234.864.664</b>	<b>18.133</b>	<b>- 712.550.981</b>	<b>41.839</b>	<b>-58%</b>	<b>- 161.078.004</b>	<b>1.833</b>	<b>-13%</b>	<b>- 165.650.102</b>	<b>1.800</b>	<b>-13%</b>	<b>195.585.577</b>	<b>1.800</b>	<b>-13%</b>	<b>195.585.577</b>
<b>A (Sektor)</b>	<b>917.986.329</b>	<b>10.436</b>	<b>- 547.783.812</b>	<b>28.708</b>	<b>-60%</b>	<b>- 158.358.188</b>	<b>1.443</b>	<b>-17%</b>	<b>- 117.629.945</b>	<b>1.004</b>	<b>-13%</b>	<b>94.214.384</b>	<b>1.004</b>	<b>-13%</b>	<b>94.214.384</b>
Eldra	495.690.783	7.844	- 353.171.577	17.866	-71%	- 94.229.601	1.155	-19%	- 48.289.605	515	-10%	-	515	-10%	-
2008	91.344.839	687	- 57.567.110	3.787	-63%	- 14.288.502	90	-16%	- 19.489.227	168	-21%	-	168	-21%	-
2009	52.344.413	344	- 28.119.548	1.844	-54%	- 12.855.424	52	-25%	- 11.369.441	78	-22%	-	78	-22%	-
2010	37.785.316	247	- 18.930.136	1.162	-50%	- 6.745.737	25	-18%	- 11.993.443	78	-32%	116.000	78	-32%	116.000
2011	40.134.259	237	- 19.660.398	1.137	-49%	- 8.673.871	35	-22%	- 10.702.745	56	-27%	1.097.245	56	-27%	1.097.245
2012	37.259.028	201	- 15.925.205	783	-43%	- 7.789.148	27	-21%	- 9.703.656	55	-26%	3.841.019	55	-26%	3.841.019
2013	39.754.928	248	- 16.228.513	880	-41%	- 6.912.120	29	-17%	- 3.787.829	30	-10%	12.826.466	30	-10%	12.826.466
2014	25.715.863	152	- 11.123.768	497	-43%	- 3.405.600	13	-13%	- 1.233.999	16	-5%	9.952.496	16	-5%	9.952.496
2015	30.909.240	167	- 11.468.939	310	-37%	- 2.092.000	9	-7%	- 960.000	7	-3%	16.388.301	7	-3%	16.388.301
2016	36.625.660	170	- 11.691.760	318	-32%	- 1.366.185	8	-4%	- 100.000	1	0%	23.567.715	1	0%	23.567.715
2017	29.554.000	137	- 3.896.368	123	-13%	-	-	0%	-	-	0%	25.557.632	-	0%	25.557.632
2018	868.000	2	- 490	1	0%	-	-	0%	-	-	0%	867.510	-	0%	867.510
<b>B (Sakarostnaður)</b>	<b>316.878.335</b>	<b>7.697</b>	<b>- 164.767.169</b>	<b>13.131</b>	<b>-52%</b>	<b>- 2.719.816</b>	<b>390</b>	<b>-1%</b>	<b>- 48.020.157</b>	<b>796</b>	<b>-15%</b>	<b>101.371.193</b>	<b>796</b>	<b>-15%</b>	<b>101.371.193</b>
Eldra	106.924.247	5.692	- 78.450.481	8.147	-73%	- 1.205.504	350	-1%	- 26.544.535	593	-25%	723.727	593	-25%	723.727
2008	40.001.481	603	- 24.288.848	1.920	-61%	- 359.355	18	-1%	- 6.032.914	92	-15%	9.320.364	92	-15%	9.320.364
2009	23.968.855	284	- 11.510.229	930	-48%	- 302.331	8	-1%	- 4.584.894	34	-19%	7.571.401	34	-19%	7.571.401
2010	17.241.110	175	- 8.231.382	459	-48%	-	-	0%	- 1.855.120	21	-11%	7.154.608	21	-11%	7.154.608
2011	17.503.104	155	- 6.945.966	330	-40%	-	-	0%	- 4.686.358	28	-27%	5.870.780	28	-27%	5.870.780
2012	15.006.885	145	- 6.410.828	259	-43%	- 75.000	1	0%	- 1.349.348	10	-9%	7.171.709	10	-9%	7.171.709
2013	18.920.679	181	- 7.363.443	317	-39%	- 277.801	7	-1%	- 726.670	5	-4%	10.552.765	5	-4%	10.552.765
2014	15.751.040	125	- 5.255.566	210	-33%	- 106.300	2	-1%	- 968.862	7	-6%	9.420.312	7	-6%	9.420.312
2015	17.362.186	112	- 7.211.837	257	-42%	- 36.900	2	0%	- 1.271.456	6	-7%	8.841.993	6	-7%	8.841.993
2016	23.383.410	125	- 7.087.313	238	-30%	- 356.625	2	-2%	-	-	0%	15.939.472	-	0%	15.939.472
2017	20.152.256	98	- 2.011.276	64	-10%	-	-	0%	-	-	0%	18.140.980	-	0%	18.140.980
2018	663.082	2	-	2	0%	-	-	0%	-	-	0%	663.082	-	0%	663.082

Graf 1 Sektor skv. viðurlagaákvörðun dómara. A (Sektor)



Graf 2 Sektir skv. viðurlagaðkvörðun dómara. B (Sakar-kostnaður)

DL (Sektir skv. viðurl.ákv.dómara) B (Sakarkostnaður)



Tafla 2 Dómsektir, réttarfararsækt og sakarkostnaður


DO	Álagning (ÁL)			Greitt (GR)			Breyting (BR)			Afskrift (AF)			Staða í lok tímabils (LOK)		
	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð	Fjöldi af Gjaldgrunnur	%	Fjárhæð
	20.317.890.694	64.687	- 3.176.942.662	139.266	-16%	- 8.011.234.935	6.136	-16%	- 2.171.710.527	10.064	-39%	- 2.171.710.527	10.064	-11%	6.958.002.570
<b>A (Sektir)</b>	<b>13.906.383.995</b>	<b>23.028</b>	<b>- 1.267.585.101</b>	<b>50.808</b>	<b>-9%</b>	<b>- 7.807.635.766</b>	<b>3.578</b>	<b>-9%</b>	<b>- 1.058.591.242</b>	<b>3.390</b>	<b>-56%</b>	<b>- 1.058.591.242</b>	<b>3.390</b>	<b>-8%</b>	<b>3.772.571.886</b>
Eldra	3.756.598.685	15.370	- 674.744.792	28.229	-18%	- 2.716.316.867	2.735	-18%	- 365.537.026	1.641	-72%	- 365.537.026	1.641	-10%	-
2008	985.017.522	1.803	- 110.850.283	7.242	-11%	- 545.072.840	240	-55%	- 323.467.287	604	-89%	- 323.467.287	604	-33%	5.627.112
2009	1.235.918.002	969	- 60.323.170	3.543	-5%	- 1.097.148.188	117	-5%	- 76.946.644	332	-79%	- 76.946.644	332	-6%	1.500.000
2010	1.561.646.453	802	- 50.064.407	2.726	-3%	- 1.230.146.185	143	-3%	- 197.612.431	271	-38%	- 197.612.431	271	-13%	83.823.430
2011	422.481.710	751	- 49.354.395	2.297	-12%	- 159.389.239	80	-12%	- 67.071.386	245	-71%	- 67.071.386	245	-16%	146.666.690
2012	1.341.653.531	606	- 87.763.926	1.894	-7%	- 958.964.309	92	-7%	- 14.972.494	141	-29%	- 14.972.494	141	-1%	279.952.802
2013	1.431.792.945	753	- 93.394.869	1.933	-7%	- 414.934.462	68	-7%	- 6.996.610	100	-46%	- 6.996.610	100	0%	916.467.004
2014	1.056.085.653	517	- 71.453.672	1.288	-7%	- 483.925.270	50	-7%	- 1.967.364	33	-11%	- 1.967.364	33	0%	498.739.347
2015	843.986.046	607	- 31.757.913	989	-4%	- 93.496.900	40	-4%	- 1.884.000	13	-6%	- 1.884.000	13	0%	716.847.233
2016	794.349.450	542	- 30.159.689	523	-4%	- 48.241.506	12	-4%	- 2.136.000	10	0%	- 2.136.000	10	0%	713.812.255
2017	354.393.998	298	- 6.497.985	139	-2%	-		-2%	-		0%	-		0%	347.896.013
2018	122.460.000	10	- 1.220.000	5	-1%	- 60.000.000	1	-1%	- 60.000.000	1	-49%	- 60.000.000	1	0%	61.240.000
<b>B (Sakarkostnaður)</b>	<b>6.411.406.699</b>	<b>41.658</b>	<b>- 1.909.257.561</b>	<b>88.457</b>	<b>-30%</b>	<b>- 203.599.169</b>	<b>2.558</b>	<b>-30%</b>	<b>- 1.113.119.285</b>	<b>6.674</b>	<b>-3%</b>	<b>- 1.113.119.285</b>	<b>6.674</b>	<b>-17%</b>	<b>3.185.430.684</b>
Eldra	1.608.537.742	28.870	- 771.534.167	46.176	-48%	- 23.797.695	2.265	-48%	- 783.651.374	5.641	-1%	- 783.651.374	5.641	-49%	29.554.506
2008	359.614.945	2.127	- 151.423.339	9.444	-42%	- 3.716.322	47	-42%	- 66.823.460	315	-1%	- 66.823.460	315	-19%	137.651.824
2009	333.581.740	1.414	- 122.358.181	6.500	-37%	- 1.919.324	32	-37%	- 40.457.606	141	-1%	- 40.457.606	141	-12%	168.846.629
2010	283.665.301	1.150	- 89.578.633	4.326	-32%	- 6.353.244	37	-32%	- 25.967.008	113	-2%	- 25.967.008	113	-9%	161.766.416
2011	286.991.331	1.239	- 95.996.652	4.442	-33%	- 16.143.598	31	-33%	- 35.296.883	115	-6%	- 35.296.883	115	-12%	139.554.198
2012	387.438.244	1.299	- 105.725.695	4.279	-27%	- 9.869.358	15	-27%	- 35.923.850	108	-3%	- 35.923.850	108	-9%	235.919.341
2013	445.712.242	1.354	- 136.564.030	4.148	-31%	- 10.214.446	33	-31%	- 51.960.741	107	-2%	- 51.960.741	107	-12%	246.973.025
2014	829.356.988	1.194	- 143.061.525	3.852	-17%	- 58.214.535	41	-17%	- 48.659.989	72	-7%	- 48.659.989	72	-6%	579.420.939
2015	624.970.902	1.106	- 113.469.242	1.939	-18%	- 70.516.442	40	-18%	- 14.494.680	41	-8%	- 14.494.680	41	-2%	659.285.406
2016	297.317.866	642	- 28.239.444	553	-9%	- 1.010.279	14	-9%	- 9.437.755	18	0%	- 9.437.755	18	-2%	500.409.699
2017	61.555.407	72	- 2.939.190	13	-5%	- 189.720	2	-5%	- 445.939	3	0%	- 445.939	3	0%	267.622.204
2018	<b>100.000</b>	<b>1</b>	<b>- 100.000</b>	<b>1</b>	<b>-100%</b>	<b>-</b>	<b>1</b>	<b>-100%</b>	<b>-</b>	<b>1</b>	<b>0%</b>	<b>-</b>	<b>1</b>	<b>0%</b>	<b>58.426.497</b>
<b>D (Réttarfarsækt)</b>	<b>100.000</b>	<b>1</b>	<b>- 100.000</b>	<b>1</b>	<b>-100%</b>	<b>-</b>	<b>1</b>	<b>-100%</b>	<b>-</b>	<b>1</b>	<b>0%</b>	<b>-</b>	<b>1</b>	<b>0%</b>	<b>-</b>
2013	100.000	1	- 100.000	1	-100%	-	1	-100%	-	1	0%	-	1	0%	-

Tafla 3 Dómsektir skipt í yfir og undir kr. 10.000.000


	Álagning (ÁL)			Greitt (GR)			Breyting (BR)			Afskrift (AF)			Staða í lok tímabils (LOK)	
	Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		%	Fjárhæð
		Gjaldgrunnur	Fjárhæð		Gjaldgrunnur	Fjárhæð		Gjaldgrunnur	Fjárhæð		Gjaldgrunnur	Fjárhæð		
<b>A</b>	<b>13.906.383.995</b>	<b>23.028</b>	<b>- 1.267.585.101</b>	<b>50.808</b>	<b>- 7.807.635.766</b>	<b>3.578</b>	<b>- 1.058.591.242</b>	<b>3.390</b>	<b>3.772.571.886</b>					
Undir 10.000.000	2.545.740.401	22.532	- 1.059.035.823	50.073	- 835.173.650	3.294	- 386.389.746	3.351	265.141.182					
Eldra	1.345.735.709	15.143	- 629.255.468	27.873	- 555.795.133	2.598	- 160.685.108	1.624	-					
2008	223.994.157	1.778	- 110.795.776	7.229	- 45.937.322	219	- 61.633.947	598	5.627.112					
2009	193.838.496	936	- 59.076.552	3.447	- 66.751.458	93	- 66.510.486	329	1.500.000					
2010	135.919.266	748	- 42.083.347	2.622	- 57.287.057	100	- 35.728.892	262	819.970					
2011	104.081.710	741	- 42.950.077	2.286	- 15.989.239	74	- 33.874.845	241	11.267.549					
2012	114.038.531	572	- 38.846.744	1.867	- 50.018.341	72	- 14.972.494	141	10.200.952					
2013	127.212.773	720	- 48.785.031	1.890	- 33.950.690	54	- 6.996.610	100	37.480.442					
2014	67.681.193	484	- 29.282.168	1.247	- 4.960.270	35	- 1.967.364	33	31.471.391					
2015	88.522.046	591	- 29.409.326	956	- 3.406.900	39	- 1.884.000	13	53.821.820					
2016	98.872.320	521	- 20.833.349	512	- 1.077.240	10	- 2.136.000	10	74.825.731					
2017	43.384.200	290	- 6.497.985	139					36.886.215					
2018	2.460.000	8	- 1.220.000	5					1.240.000					
Yfir 10.000.000	11.360.643.594	496	- 208.549.278	735	- 6.972.462.116	284	- 672.201.496	39	3.507.430.704					
Eldra	2.410.862.976	227	- 45.489.324	356	- 2.160.521.734	137	- 204.851.918	17	-					
2008	761.023.365	25	- 54.507	13	- 499.135.518	21	- 261.833.340	6	-					
2009	1.042.079.506	33	- 1.246.618	96	- 1.030.396.730	24	- 10.436.158	3	-					
2010	1.425.727.187	54	- 7.981.060	104	- 1.172.859.128	43	- 161.883.539	9	83.003.460					
2011	318.400.000	10	- 6.404.318	11	- 143.400.000	6	- 33.196.541	4	135.399.141					
2012	1.227.615.000	34	- 48.917.182	27	- 908.945.968	20	-		269.751.850					
2013	1.304.580.172	33	- 44.609.838	43	- 380.983.772	14	-		878.986.562					
2014	988.404.460	33	- 42.171.504	41	- 478.965.000	15	-		467.267.956					
2015	755.464.000	16	- 2.348.587	33	- 90.090.000	1	-		663.025.413					
2016	695.477.130	21	- 9.326.340	11	- 47.164.266	2	-		638.986.524					
2017	311.009.798	8							311.009.798					
2018	120.000.000	2	- 60.000.000	1	-	1	-		60.000.000					

Graf 3 Dómsektir og sakarkostnaður. A (Sektir)

### DO (Dómsektir og sakarkostnaður) A (Sektir)



Graf 4 Dómsektir og sakarkostnaður. A (Sektir), sektir yfir kr. 10.000.000



Graf 5 Dómsektir og sakarkostnaður. A (Sektir) sektir undir kr. 10.000.000

DO (Dómsektir og sakarkostnaður) A (Sektir) undir 10.000.000



Graf 6 Dómsektir og sakarkostnaður: B (Sakarkostnaður)



DO (Dómsektir og sakarkostnaður) B (Sakarkostnaður)




Tafla 4 Dómsáritið sektarboð

	Álagning (ÁL)			Greitt (GR)			Breyting (BR)			Afskrift (AF)			Staða í lok tímabils (LOK)			
	Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		%	Fjárhæð		
		Gjaldgrunnur	%		Gjaldgrunnur	%		Gjaldgrunnur	%		Gjaldgrunnur	%				
DR (Dómsárituð sektarboð)	902.978.892	69.828	-	711.194.418	73.407	-	38.046.251	3.043	-	126.537.498	6.430	-	126.537.498	6.430	-14%	27.200.725
A (Sektir)	902.978.892	69.828	-	711.194.418	73.407	-	38.046.251	3.043	-	126.537.498	6.430	-	126.537.498	6.430	-14%	27.200.725
Eldra	537.845.388	55.452	-	470.171.741	54.441	-	25.085.244	2.589	-	42.588.403	3.010	-	42.588.403	3.010	-8%	-
2008	59.544.129	2.420	-	39.050.958	3.285	-	2.354.123	104	-	18.139.048	776	-	18.139.048	776	-30%	-
2009	51.669.108	1.915	-	33.864.388	2.663	-	2.107.950	75	-	15.696.770	640	-	15.696.770	640	-30%	-
2010	55.602.804	2.029	-	38.285.949	3.074	-	2.432.943	67	-	14.649.499	572	-	14.649.499	572	-26%	234.413
2011	87.118.206	3.406	-	59.564.963	4.813	-	3.015.339	90	-	22.429.901	890	-	22.429.901	890	-26%	2.108.003
2012	30.519.801	1.192	-	20.994.385	1.660	-	1.026.408	42	-	5.849.457	235	-	5.849.457	235	-19%	2.649.551
2013	40.044.719	1.424	-	26.998.730	1.847	-	1.316.270	44	-	5.918.097	245	-	5.918.097	245	-15%	5.811.622
2014	18.018.097	821	-	11.806.025	879	-	479.400	19	-	1.126.323	53	-	1.126.323	53	-6%	4.606.349
2015	11.327.820	573	-	5.977.481	425	-	208.574	12	-	125.000	7	-	125.000	7	-1%	5.016.765
2016	10.552.060	541	-	4.239.798	305	-	20.000	1	0%	15.000	2	0%	15.000	2	0%	6.277.262
2017	736.760	55	-	240.000	15	-	-	-	-	-	-	0%	-	-	0%	496.760

Graf 7 Dómsárituð sektarboð. A (Sektir)


DR (Dómsárituð sektarboð) A (Sektir)



Tafla 5 Lögreglustjórasektir, sektargerð

	Álagning (ÁL)				Greitt (GR)				Breyting (BR)				Afskrift (AF)				Staða í lok tímabils (LOK)	
	Fjöldi af		%		Fjöldi af		%		Fjöldi af		%		Fjöldi af		%		Fjárhæð	%
	Fjárhæð	Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Gjaldgrunnur	Fjárhæð	Gjaldgrunnur		
LK (Lögreglustjórasektir, sektargerð)	4.419.447.696	79.763	- 2.925.788.937	147.039	527.267.792	-66%	527.267.792	18.579	362.898.317	-12%	362.898.317	6.578	603.492.650	-8%	603.492.650	-8%	603.492.650	
<b>A (Sektir)</b>	<b>3.683.353.086</b>	<b>57.878</b>	<b>- 2.403.788.950</b>	<b>114.509</b>	<b>523.485.610</b>	<b>-65%</b>	<b>523.485.610</b>	<b>17.957</b>	<b>303.221.139</b>	<b>-14%</b>	<b>303.221.139</b>	<b>4.941</b>	<b>452.857.387</b>	<b>-8%</b>	<b>452.857.387</b>	<b>-8%</b>	<b>452.857.387</b>	
Eldra	1.058.877.342	28.373	- 805.808.545	41.061	182.923.271	-76%	182.923.271	8.962	70.145.526	-17%	70.145.526	1.760	-	-7%	-	-7%	-	
2008	157.406.566	2.420	- 105.854.434	5.557	24.278.868	-67%	24.278.868	788	27.273.264	-15%	27.273.264	435	-	-17%	-	-17%	-	
2009	238.320.941	2.848	- 153.771.607	8.655	39.655.479	-65%	39.655.479	1.006	44.818.134	-17%	44.818.134	537	75.721	-19%	75.721	-19%	75.721	
2010	249.861.531	2.798	- 161.351.085	9.021	37.953.184	-65%	37.953.184	894	50.011.062	-15%	50.011.062	594	546.200	-20%	546.200	-20%	546.200	
2011	245.565.637	2.744	- 159.563.457	8.533	37.727.912	-65%	37.727.912	871	44.670.297	-15%	44.670.297	523	3.603.971	-18%	3.603.971	-18%	3.603.971	
2012	271.760.046	3.272	- 178.732.778	9.523	38.150.877	-66%	38.150.877	840	38.321.702	-14%	38.321.702	528	16.554.689	-14%	16.554.689	-14%	16.554.689	
2013	282.671.679	3.243	- 180.227.521	9.039	39.454.617	-64%	39.454.617	844	15.487.842	-14%	15.487.842	325	47.501.699	-5%	47.501.699	-5%	47.501.699	
2014	301.321.035	3.298	- 182.238.486	8.490	38.476.544	-60%	38.476.544	847	8.059.164	-13%	8.059.164	193	72.546.841	-3%	72.546.841	-3%	72.546.841	
2015	234.629.380	2.551	- 145.259.704	5.150	24.617.436	-62%	24.617.436	777	1.788.148	-10%	1.788.148	22	62.964.092	-1%	62.964.092	-1%	62.964.092	
2016	291.497.098	2.927	- 169.824.477	5.659	26.490.075	-58%	26.490.075	955	1.996.000	-9%	1.996.000	17	93.186.546	-1%	93.186.546	-1%	93.186.546	
2017	273.818.111	2.680	- 127.216.141	3.310	25.595.597	-46%	25.595.597	920	510.000	-9%	510.000	6	120.496.373	0%	120.496.373	0%	120.496.373	
2018	77.623.720	724	- 33.940.715	511	8.161.750	-44%	8.161.750	253	140.000	-11%	140.000	1	35.381.255	0%	35.381.255	0%	35.381.255	
<b>B (Sakararkostnaður)</b>	<b>736.094.610</b>	<b>21.885</b>	<b>- 521.999.987</b>	<b>32.530</b>	<b>3.782.182</b>	<b>-71%</b>	<b>3.782.182</b>	<b>622</b>	<b>59.677.178</b>	<b>-1%</b>	<b>59.677.178</b>	<b>1.637</b>	<b>150.635.263</b>	<b>-8%</b>	<b>150.635.263</b>	<b>-8%</b>	<b>150.635.263</b>	
Eldra	112.507.368	9.531	- 101.523.709	10.164	967.105	-90%	967.105	431	9.616.402	-1%	9.616.402	671	400.152	-9%	400.152	-9%	400.152	
2008	18.941.294	783	- 14.120.679	1.066	31.609	-75%	31.609	9	4.036.468	0%	4.036.468	149	752.538	-21%	752.538	-21%	752.538	
2009	50.153.816	1.208	- 37.120.395	2.497	32.076	-74%	32.076	10	9.951.639	0%	9.951.639	207	3.049.706	-20%	3.049.706	-20%	3.049.706	
2010	53.408.261	1.229	- 34.848.647	2.184	472.729	-65%	472.729	19	14.529.226	-1%	14.529.226	243	3.557.659	-27%	3.557.659	-27%	3.557.659	
2011	50.856.567	1.187	- 35.099.369	2.036	67.770	-69%	67.770	14	7.746.177	0%	7.746.177	145	7.943.251	-15%	7.943.251	-15%	7.943.251	
2012	64.837.047	1.387	- 45.015.571	2.447	237.626	-69%	237.626	18	5.212.534	0%	5.212.534	95	14.371.316	-8%	14.371.316	-8%	14.371.316	
2013	72.813.647	1.429	- 50.657.261	2.783	356.469	-70%	356.469	14	4.266.374	0%	4.266.374	67	17.533.543	-6%	17.533.543	-6%	17.533.543	
2014	79.272.414	1.429	- 55.336.420	2.870	497.979	-70%	497.979	25	2.010.140	-1%	2.010.140	26	21.427.875	-3%	21.427.875	-3%	21.427.875	
2015	58.992.028	985	- 41.551.550	1.872	4.200	-70%	4.200	15	1.163.364	0%	1.163.364	18	16.272.914	-2%	16.272.914	-2%	16.272.914	
2016	81.763.176	1.296	- 54.716.284	2.563	188.415	-67%	188.415	30	846.849	0%	846.849	12	26.011.628	-1%	26.011.628	-1%	26.011.628	
2017	78.302.139	1.198	- 45.110.050	1.861	849.231	-58%	849.231	32	298.005	-1%	298.005	4	32.044.853	0%	32.044.853	0%	32.044.853	
2018	14.246.853	223	- 6.900.052	187	76.973	-48%	76.973	5	76.973	-1%	76.973	5	7.269.828	0%	7.269.828	0%	7.269.828	

Graf 8 Lögreglustjórasektir, sektargerð. A (Sektir)



Graf 9 Lögreglustjórarsektir, sektargerð. B (Sakar-kostnaðir)

LK (Lögreglustj. sektir, sektargerð) B (Sakarkostnaður)



Tafla 6 Sektir vettvangsskýrsla

	Álagning (AL)			Greitt (GR)			Breyting (BR)			Afskrift (AF)			Staða í lok tímabils (LOK)		
	Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		Fjárhæð	Fjöldi af		%	Fjárhæð	%
		Gjaldgrunnur	Fjárhæð		Gjaldgrunnur	Fjárhæð		Gjaldgrunnur	Fjárhæð		Gjaldgrunnur	Fjárhæð			
LU (Sektir vettvangsskýrsla)	2.739.093.478	70.539	-1.966.056.987	70.789	612.878.738	59.818	17.759.165	706	142.398.588	-1%	142.398.588				
A (Sektir)	2.739.093.478	70.539	-1.966.056.987	70.789	612.878.738	59.818	17.759.165	706	142.398.588	-1%	142.398.588				
2010	95.000	2	-	95.000	0%	2	-100%								
2011	240.000	10	-	55.000	-23%	2	-17%	4	145.000	-60%					
2012	2.297.700	100	-	1.335.633	-58%	87	-28%	9	327.067	-14%					
2013	313.336.969	9.970	-	229.458.829	-73%	10.679	-23%	7.918	10.133.627	-3%	3.091.894				
2014	337.166.976	9.942	-	251.752.994	-75%	10.587	-23%	8.221	5.094.699	-2%	3.921.383				
2015	347.927.767	9.963	-	259.338.388	-75%	10.321	-22%	8.388	1.863.772	-1%	8.923.460				
2016	488.178.715	13.112	-	361.562.988	-74%	13.320	-23%	11.377	190.000	0%	15.172.994				
2017	565.346.129	14.194	-	416.854.503	-74%	14.117	-23%	12.628	5.000	0%	18.434.785				
2018	684.504.222	13.246	-	445.698.652	-65%	11.672	-21%	11.227		0%	92.854.072				

Graf 10 Sektir vettvangsskýrsla. A (Sektir)

### LU (Sektir vettvangsskýrsla) A (Sektir)





## Skýringar með tölfraediupplýsingum FJR

Tekið saman af Birnu Ágústsdóttur og Ernu Björgu Jónmundsdóttur

Upplýsingar FJR ná yfir tímabilið frá árinu 2000 til 29. ágúst 2018.

Reitir (gjaldflokkar)

DL: Viðurlagaákvörðun dómara (dómssátt sbr. 2. mgr. 163. gr. sakamálalaga nr. 88/2008)

DO: Dómur – opinber sakamál.

DR: Áritað sektarboð (sbr. 3. mgr. 150. gr. sakamálalaga nr. 88/2008)

LK: Sektargerð lögreglustjóra (sbr. 1. mgr. 149. gr. sakamálalaga nr. 88/2008)

LU: Lögreglusekt (sbr. 1. mgr. 148. gr. sakamálalaga nr. 88/2008)

Dálkar

- **Álögð fjárhæð**
  - ✓ Þegar endanleg niðurstaða dómstóla liggur fyrir, hvort sem um er að ræða dóma, viðurlagaákvörðanir eða árituð sektarboð, fær Fangelsismálasstofnun málin til sín og leggur á sektir og/eða sakarkostnað. IMST fær í kjölfarið rafræna sendingu, þ.e. álagninguna í gegnum TBR og afrit gagna með tölvupósti.
  - ✓ Lögreglustjórar leggja á sektargerðir og lögreglusektir sem berast rafrænt frá LÖKE í TBR og gögn vistuð í LÖKE.
- **Breyting**
  - ✓ **Sektir:** Þar eiga breytingar sér fyrst og fremst stað vegna afplánunar, hvort sem um er að ræða í fangelsi eða með samfélagsþjónustu. Í gjaldflokkum LK og LU (lögreglusektum/sáttum) kemur 25% afsláttur í umferðarmálum inn sem breyting. Í örfáum tilfellum kemur fram breyting vegna náðunar (allir gjaldflokkar) og svo í gjaldflokkum LK og LU ef ríkissaksóknari fellir úr gildi sektargerð lögreglustjóra vegna fjarstæðukenndra málaloka.
  - ✓ **Sakarkostnaður:** Í D-gjaldflokkum er fyrst og fremst um það að ræða að verjandi afsalar sér greiðslu málsvarnarlauna úr ríkissjóði. Þegar búið er að ganga úr skugga um að greiðsla málsvarnarlauna hafi ekki þegar átt sér stað og lögmaður hefur sent frá sér yfirlýsingu um að hann muni ekki fara fram á greiðslu síðar er krafa er snýr að málsvarnarlaunum felld niður. Breyting á sakarkostnaði í gjaldflokki LK er að öllu jöfnu af sama toga og vegna sekta, ákvörðun ríkissaksóknara um að fella sektargerð úr gildi.

- Greiðslur
  - ✓ Undir þennan lið falla allar greiðslur inn á sektir hvort sem um er að ræða greiðslur að eigin frumkvæði, svo sem með millifærslu, girógreiðslu eða hjá gjaldkera, eða þvingaðar greiðslur, svo sem greiðslur til að koma í veg fyrir fjárnám, nauðungarsölur eða afplánun, greiðslur af uppboðsandvirði og o.s.frv. Sama á við um sakarkostnað en þar bætist skuldajöfnun við.
  
- Afskriftir
  - ✓ Sektir og sakarkostnaður eru afskrifaðar þegar kröfur eru fyrndar. Sekt að fjárhæð 1-59.999 kr. fyrnist á 3 árum en á 5 árum sé hún 60.000 kr. eða hærri. Fyrning verður aðeins rofin með fjárnámi í eign eða sambærilegri tryggingu og lengjast þá fyrningarfrestir um 2 ár. Dæmdur sakarkostnaður (DO, DL) fyrnist á tíu árum en sakarkostnaður skv. sektargerð (LK) fyrnist á 4 árum. Hefðbundnar reglur gilda um rof fyrningar.
  - ✓ Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að kröfur fyrnast; skortur á greiðsluvilja, eignaleysi, sökunautur afplánar langan dóm í fangelsi eða er erlendis, innheimta fullreynd, o.fl. o.fl. Þá eru bæði sektir og sakarkostnaður afskrifuð við andlát sbr. ákvæði laga um fullnustu refsinga. Fáir sökunautur samþykka niðurfellingu sakarkostnaðar á grundvelli 2. mgr. 239. gr. sakamála laga nr. 88/2008 er sakarkostnaður afskrifaður. Þá fellur sakarkostnaður undir lög um greiðsluaðlögun og hvoru tveggja sektir og sakarkostnaður falla niður tveimur árum frá skiptalokum sbr. alm. reglur.

**149. löggjafarþing 2018–2019.**  
**Þingskjal x — x. mál.**  
**Stjórnarfrumvarp.**

## **Frumvarp til laga**

**um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, lögum um meðferð sakamála og almennum hegningarlögum.**

Frá dómsmálaráðherra.

### **I. KAFLI**

#### **Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016.**

1. gr.

*Vararefsing.*

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

- a. Orðin „og með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara“ í lok 2. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað 3. máslíðar 1. mgr. kemur: Hafi sekt ekki verið greidd að liðnum fjórum vikum frá birtingu ákvörðunar um afplánun vararefsingar getur innheimtuaðili falið lögreglu að handtaka sektarþola og færa í fangelsi án fyrirvara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 89. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „nú innheimtist fésekt ekki sem er 100.000 kr. eða hærri“ í upphafi 1. mgr. kemur: nú innheimtist ekki fésekt að fjárhæð frá 100.000 kr. að 10.000.000 kr.
- b. Í stað „480 klukkustundir“ í lok 1. mgr. 89. gr. kemur: 960 klukkustundir.

3. gr.

93. gr. orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Launaafdráttur og skuldajöfnuður.*

Innheimtuaðila er heimilt að krefjast launaafdráttar við launagreiðanda hafi krafa vegna sektar eða sakarkostnaðar ekki verið greidd eða um hana samið innan tilskilins frests. Heimild þessi nær til hvers kyns greiðslna til sökunauts og teljast til staðgreiðsluskyldra launa sbr. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Innheimtuaðili hefur í þessum tilgangi aðgang að staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra.

Launagreiðanda sbr. 1. mgr. er skylt að halda eftir af launum sökunauts að kröfu innheimtuaðila. Heimilt er að gera aðför hjá launagreiðanda vegna launaafdráttar sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt ákvæði þessu.

Afdrætti samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að beita samhliða launaafdrætti skv. 115. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag launaafdráttar í reglugerð.

Heimilt er að skuldajafna sekt og sakarkostnaði á móti inneign sökunauts vegna ofgreiddra skatta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Heimild til skuldajöfnunar nær einnig til inneignar sökunauts í virðisaukaskatti.

4. gr.

Á eftir 93. gr. kemur ný grein, 93. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Aðför o.fl.*

Innheimta má ógreidda sekt og sakarkostnað, svo og eftirstöðvar slíkra krafna, með aðför, eftir atvikum til viðbótar launaafdrætti og/eða skuldajöfnun skv. 93. gr. Almennu skal innheimta kröfu með aðför verði hún ekki uppgreidd innan 12 mánaða með launaafdrætti og/eða skuldajöfnun.

Auk aðgangs að fasteigna- skipa- og ökutækjaskrá til eignakönnunar hefur innheimtuaðili heimild til að kanna eignir sökunauts sem varðveittar kunna að vera í bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. innlán, hlutabréfa- og verðbréfaeign. Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar. Fjármálafyrirtæki er skylt að upplýsa innheimtuaðila án endurgjalds um eignastöðu viðskiptamanna sinna hjá fyrirtækinu samkvæmt beiðni þar um.

Héraðssaksóknara og lögreglu er heimilt að veita innheimtuaðila upplýsingar að eigin frumkvæði um eignir sökunauts sem lögregla hefur haldlagt og/eða kyrrsett, svo og upplýsingar um hvar eignir þessar eru varðveittar. Skylt er héraðssaksóknara og lögreglu að veita slíkar upplýsingar kalli innheimtuaðili eftir þeim. Þá er ríkisskattstjóra skylt að veita innheimtuaðila aðgang að skattframtölum til eignakönnunar.

Til tryggingar greiðslu sekta og sakarkostnaðar getur innheimtuaðili krafist kyrrsetningar hjá sökunaut ef hættu þykir á að eignum verði skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar samkvæmt 4. mgr. fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar. Kyrrsetning fellur niður ef sökunautur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

5. gr.

Í stað orðanna „frá brotadegi þar til rannsókn hófst“ í 1. mgr. 94. gr. kemur: síðar.

## II. KAFLI

### Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

6. gr.

Á undan orðinu „Fangelsismálastofnunar“ í 156. gr. kemur: lögreglustjóra eða.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 239. gr:

- a. Í stað orðsins „eða“ á eftir orðinu „úrskurði“ í 1. mgr. kemur komma.
- b. Á eftir orðinu „viðurlagaákvörðun“ í 1. mgr. kemur: eða lögreglustjórasett.
- c. Í stað orðanna „eftir atvikum með fjárnámi og nauðungarsölu“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt X. og XI. kafla laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016.
- d. Við 2. mgr. bætist svohljóðandi málsliður: Ráðherra er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd samkvæmt ákvæði þessu.
- e. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt dómi, úrskurði, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórasett fyrnist á tíu árum. Um fyrningu sakarkostnaðar fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007.

**III. KAFLI**  
**Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.**  
8. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr.
- a. Í stað „1 ár“ í lok 1. mgr. kemur: 2 ár.
  - b. Í stað orðsins „lögreglustjóri“ í 2. mgr. kemur: innheimtuaðili.
  - c. Í stað „300.000“ í 3. mgr. kemur: 500.000.
  - d. Á eftir „afplánast“ í 3. mgr. kemur: að innheimtu fullreyndri.
  - e. Ný tafla komi í lok ákvæðisins, eftirfarandi:

Sekt	Vararefsing
1-50.000	2 dagar
50.001-100.000	4 dagar
100.001-150.000	6 dagar
150.001-200.000	8 dagar
200.001-250.000	10 dagar
250.001-300.000	12 dagar
300.001-350.000	14 dagar
350.001-400.000	16 dagar
400.001-450.000	18 dagar
450.001-500.000	20 dagar

9. gr

1. mgr. 69. gr. orðast svo:
- Gera má upptækan ávinning af broti og muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Í stað upptöku ávinnings eða muna sem komið hafa í stað hans má með jafnvirðisupptöku gera upptæka fjárhæð sem svarar til ávinningsins í heild eða að hluta. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina.

10. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. a:
- a. Í stað „3“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 5.
  - b. Í stað „60.000“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 5.000.000 .
  - c. Í stað „5“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 10.
  - d. 2. mgr. hljóðar nú svo: Fyrning er rofin semji sektarþoli um greiðslu sektar eða inni hann hlutagreiðslu hennar af hendi, ella þegar beiðni um aðför berst sýslumanni eða ákvörðun um afplánun vararefsingar hefur verið birt sektarþola. Hefst nýr fyrningarfrestur frá þeim degi.
  - e. 3. mgr. hljóðar nú svo: Um fyrningu vararefsingar og slit fyrningar fer samkvæmt 1. og 2. mgr.
  - f. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnvirðisupptaka skv. 2. másl. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 69. gr. a. fellur þó ekki niður fyrr en liðin eru tíu ár frá því að unnt var að fullnægja ákvörðun um slíka upptöku.
  - g. Við greinina bætist ný málsgrein, 6. mgr., svohljóðandi: Ákvæði 2. másl. 2. mgr. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, er varða nýjan tveggja ára fyrningartíma krafna frá lokum gjaldþrotaskipta og síðari slit fyrningar, taka hvorki til fésektar né vararefsingar er við henni liggur við gjaldþrot sektarþola.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir þeirri breytingu frá nógildandi rétti að ekki verði lengur gert ráð fyrir mætingarstað og -stund í ákvörðun um afplánun vararefsingar. Í stað þess verði sektarþola með ákvörðuninni veittur fjögurra vikna lokafrestur til að greiða sekt eða eftir atvikum búa sig undir fangelsisvist. Gert er ráð fyrir að sektarþola megi færa í fangelsi hvenær sem er að frestinum liðnum, enda geti hann á hverjum tíma greitt sektina og komist hjá afplánun ólíkt þeim sem afplána eiga óskilorðsbundna fangelsisdóma.

Um 2. gr.

Lögð er til sú breyting að ekki verði unnt að fullnusta vararefsingu fésekta yfir 10.000.000 kr. með samfélagsþjónustu. Þá er lagt til að hámarks tímafjöldi í samfélagsþjónustu verði hækkaður úr 480 klst. í 960 klst., er samsvari 2 ára hámarks vararefsingu sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðum þessum er ætlað að auka varnaðaráhrif hærri fésekta og sporna gegn því að slíkar sektir séu fullnustaðar með vinnuframlagi sem kann að vera í litlu samhengi við ávinning af broti. Raunin hefur verið sú að hærri sektir eru iðulega gerðar upp með samfélagsþjónustu og þykir eðlilegt að sett sé hámarksfjárhæð á sektir sem unnt er fullnusta með þessum hætti, auk þess að stuðla að því að lengd vararefsingar og tímafjöldi í samfélagsþjónustu endurspegli betur fjárhæðir sekta.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er gerð tillaga að verulegri breytingu á 93. gr. sem felur í sér aukin innheimtuúrræði. Talið hefur verið að efla þurfi til muna innheimtuúrræði yfirvalda í þessum málaflokki, þá ekki síst úrræði til innheimtu sekta. Aukin innheimtuúrræði eru til þess fallin að fækka þeim tilfellum þar sem fésektir eru fullnustaðar með fangelsisvist eða samfélagsþjónustu. Þá eru aukin úrræði til innheimtu sakarkostnaðar og eignakönnunar talin nauðsynleg til að skilyrði undantekningarákvæðis 2. mgr. 239. gr. sakamálalaga, nr. 88/2008, um niðurfellingu sakarkostnaðar verði skilvirkara, en þar segir að falla beri frá kröfu um sakarkostnað liggja nægilega ljóst fyrir að sakfelldur maður hafi hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða. Auknar heimildir innheimtuaðila til eigna- og tekjukönnunar yrðu til þess að einfalda mat að þessu leyti verulega.

Lagt er til að með 1. mgr. verði launaafdráttur meginregla í innheimtu sekta og sakarkostnaðar hafi krafa ekki verið greidd eða um hana samið innan þess greiðslufrests sem gefinn er við upphaf innheimtu. Með því þykir meðalhóf betur tryggt en hingað til hefur verið, enda er launaafdráttur almennt álitinn vægara innheimtuúrræði en fjárnám og nauðungarsala. Til að tryggja skilvirkni launaafdráttar er í 2. mgr. sett fram sú skylda launagreiðanda að draga frá launum skv. ákvörðun innheimtuaðila, en heimilt verði að gera aðför hjá launagreiðanda sem ekki sinnir skyldu sinni til frádráttar eða skilar ekki þegar frádraginni fjárhæð. Þá er í 3. mgr. gerð grein fyrir því að launaafdráttur skv. ákvæðinu geti farið fram samhliða launaafdrætti skv. 115. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, en nánar verði fjallað um tilhögun launaafdráttar í reglugerð. Þekkt eru dæmi um slíka samhliða beitingu launaafdráttar, en launaafdrætti skv. 4. gr. reglugerðar nr. 491/1996 um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga er, ef svo ber undir, beitt samhliða launaafdrætti skv. 115. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir lögfestingu heimildar til skuldajöfnunar við inneignir sökunautar hjá ríkissjóði. Þannig verði tekinn af allur vafi um það hvort skuldajöfnun sé heimil eður ei, en hingað til hafa almennar heimildir til skuldajöfnunar ekki þótt nægjanleg lagaheimild til skuldajöfnunar sekta við inneignir í sköttum og gjöldum.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er gerð tillaga að nýju ákvæði, 93. gr. a., sem svarar að hluta til nógildandi 93. gr. og felur í sér innheimtuúrræði til viðbótar þeim er 93. gr. gerir ráð fyrir. Í 1. mgr. er kveðið á um að innheimta

megi ógreidda sekt og sakarkostnað, og eftirstöðvar þessara krafna, með fjárnámi, eftir atvikum til viðbótar launaafdrætti og/eða skuldajöfnun. Gert er ráð fyrir að almennt skuli innheimta fara fram með launaafdrætti og/eða skuldajöfnun ef sýnt þykir að krafa muni greiðast upp með þeim hætti innan 12 mánaða. Fjárnámi verður almennt beitt til viðbótar verði ekki talið að krafan verði að fullu greidd innan þess tíma, en kröfu má einnig innheimta með fjárnámi einu og sér þyki aðstæður mæla sérstaklega með því. Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins er grein gerð fyrir eignakönnunarheimildum innheimtuaðila. Er 2. mgr. að miklu leyti samhljóða nógildandi 2. mgr. 93. gr., en með 3. mgr. er bætt við heimild til eignakönnunar hjá lögreglu annars vegar og ríkisskattstjóra hins vegar. Í 4. og 5. mgr. er kveðið á um kyrrsetningarheimild innheimtuaðila, en hún þykir nauðsynleg til að tryggja fullnustu í eignum sem tiltölulega einfalt er að færa til eða hafa eigendaskipti að, svo sem innistæður á bankareikningum og ökutæki. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í 88. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, en ætla má að kyrrsetningarheimild þeirri geti aðeins lögregla beitt á rannsóknarstigi. Þykir rétt að innheimtuaðila verði veitt sams konar heimild sem beita megi síðar í innheimtuferlinu.

Um 5. gr.

Lagt er til að heimild til aðfarar skv. 94. gr. laganna nái einnig til ráðstafana sem gerðar hafa verið eftir að rannsókn hófst, svo sem ráðstafana sem gerðar voru meðan á rannsókn stóð, eftir útgáfu ákæru og eftir uppkvaðningu dóms eða staðfestingu sáttar. Ljóst er að slíkar ráðstafanir kunna að vera gerðar á öllum stigum, í þeim tilgangi að skjóta undan eignum, og þykir því óeðlilegt að einskorða heimildina við svo takmarkað tímabil.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í a-b liðum er kveðið á um að sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt lögreglustjórasedkt verði meðal þess sakarkostnaðar sem innheimtur skal hjá sakfelldum manni, en engin rök mæla með því að sakarkostnaðar sem mönnum er gert að greiða samkvæmt lögreglustjórasedkt skuli ekki innheimtur sem annar sakarkostnaður. Þá er með d-lið gert ráð fyrir að ráðherra geti sett sérstakar reglur um niðurfellingu sakarkostnaðar, þ.m.t. hvenær þótt getur liggja nægilega ljóst fyrir að að sakfelldur maður hafi hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði. Í e-lið er gerð tillaga að nýrri málsgrein um fyrningu sakarkostnaðar, en með nýjum lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 urðu reglur um fyrningu sakarkostnaðar nokkuð óskýrari en fram að því hafði verið, en dæmdur sakarkostnaður fyrnist eftir þeim lögum á tíu árum en annar sakarkostnaður, svo sem sakarkostnaður samkvæmt lögreglustjórasedkt, á fjórum árum. Í málsgreininni er með skýrum hætti kveðið á um tíu ára fyrningu alls sakarkostnaðar, og með því ætlunin að eyða réttaróvissu sem kann að hafa orðið til að þessu leyti.

Um 8. gr.

Í a-lið er lagt til að hámarks tímalengd vararefsingar verði færð úr einu ári í tvö ár. Ákvæðinu er ætlað að auka varnaðaráhrif hærri fésektar og sporna gegn því að slíkar sektir séu fullnustaðar með afplánunartíma sem kann að vera í litlu samhengi við ávinning af broti. Þykir eðlilegt að tímalengd vararefsingar endurspegli betur fjárhæðir sekta en nú gildir og til að svo geti orðið þurfi aukið svigrúm í tímalengd vararefsinga. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í 9. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar á núverandi 1. mgr. 69. gr. Helst er um að ræða orðalagsbreytingu þar sem lagt er til að hugtakið jafnvirðisupptaka verði notað í lögnum yfir upptöku fjárhæðar sem svarar til ávinnings af broti í heild eða að hluta. Jafnvirðisupptaka er þannig með vissum

hætti aðgreind frá „beinni“ eignarupptöku, en nokkur eðlismunur þykir vera á þessum tveimur tegundum upptöku og mögulegum eftirmálum þeirra sem gerir aðgreiningu nauðsynlega.

Um 10. gr.

Í a-c liðum greinarinnar er gert ráð fyrir þeirri breytingu á 1. mgr. 83. gr. a. að allar sektir undir 5 milljónum fyrnist á fimm árum en sektir yfir þeirri fjárhæð á tíu árum. Þá er í b-lið kveðið á um þá breytingu á 2. mgr. að gerð greiðslusamninga, innborganir og aðfararbeiðnir slíti fyrningu fésekta og nýr fyrningarfrestur taki að líða. Er þetta töluverð breyting frá núgildandi rétti, en fyrningu sekta verður ekki með slitið nema greiðsla hafi verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti. Í d-e-liðum er gerð grein fyrir breytingu á 3. mgr. er varðar fyrningu vararefsingar sérstaklega, en þar er gert ráð fyrir að fyrning vararefsingar slitni með sama hætti og fyrning sektarinnar. Í f-lið er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 4. mgr., þar sem kveðið er á um tíu ára fyrningu á jafnvirðisupptökukröfum. Er talið eðlilegt að slíkum kröfum sé ætlaður lengri fyrningartími en upptöku á munum, enda verður með jafnvirðisupptöku til fjárkrafa samkvæmt dómi sem innheimta þarf eftir almennum reglum. Þykir eðlilegt að fyrningartími slíkrar upptökukröfu verði ákveðinn tíu ár. Í g-lið er lagt til að ný málsgrein bætist við, 5. mgr., þar sem segi að ákvæði 2. másl. 2. mgr. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, er varðar upphaf nýs tveggja ára fyrningartíma við skiptalok, taki hvorki til fésektar né vararefsingar er við henni liggur við gjaldþrot sektarþola. Þannig er gert ráð fyrir að ábyrgð manns á sekt, sem ekki fæst greidd við gjaldþrotaskipti, takmarkist ekki við tvö ár frá skiptalokum líkt og gildir um almennar fjárkröfur. Standi þannig ákvæði alm. hegningarlaga um fyrningu sektarrefsinga óhaggað þrátt fyrir gjaldþrot sektarþola til jafns við ákvæði 83. gr. sömu laga um fyrningu fangelsisrefsinga.



## Yfirlit yfir tillögur að lagabreytingum

*Breytingar á lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga:*

### ■ 88. gr. *Vararefsing*

- Nú telur innheimtuaðili að innheimtuaðgerðir séu þýðingarlausar eða fullreyndar og skal hann þá ákveða að vararefsingu verði beitt. Að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun skal sektarþola birt tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar með þeim hætti sem áskilinn er við birtingu ákæru skv. 156. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Hafi sekt ekki verið greidd að liðnum fjórum vikum frá birtingu ákvörðunar um afplánun vararefsingar getur innheimtuaðili falið lögreglu að handtaka sektarþola og færa í fangelsi án frekari fyrirvara.
- Nú hefur hluti sektar verið greiddur og ákveður innheimtuaðili þá styttingu afplánunartíma að sama skapi en þó þannig að afplánunartíminn verði ekki styttri en tveir dagar og að sektarfjárhæð sem svarar til hluta úr degi afplánist með heilum degi.
- Nú afplánar sektarþoli vararefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi, viðurlagaákvörðun, árituðu sektarboði eða lögreglustjórasedkt og telst fullnusta hennar þá hefjast við upphaf afplánunar.

### ■ 89. gr. *Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu*

- Nú innheimtist eigi fésekt á bilinu 100.000 kr. til 10.000.000 kr. og innheimtuaðili hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar, og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir en mest 960 klukkustundir.
- Um lengd fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu gilda ákvæði 3. mgr. 38. gr.
- Nú hefur umsækjandi fengið fimm eða fleiri sektir og skal þá að jafnaði synja um samfélagsþjónustu.
- Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu hefst þegar sektarþoli gengst skriflega undir skilyrði samfélagsþjónustu.

### ■ 90. gr. *Umsókn um samfélagsþjónustu*

- Ákvæði III. kafla um samfélagsþjónustu gilda þegar vararefsing samkvæmt þessum kafla er fullnustuð með samfélagsþjónustu að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send Fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda innheimtuaðila slíka umsókn skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.
- Þegar sýslumanni berst umsókn um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda Fangelsismálastofnun umsóknina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

### ■ 91. gr. *Innheimta sakarkostnaðar*

- Um innheimtu sakarkostnaðar fer skv. 1.–3. mgr. 87. gr.
- Um niðurfellingu sakarkostnaðar fer skv. 2. mgr. 221. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

### ■ 92. gr. *Framkvæmd eignaupptöku*

- Lögreglustjóri annast framkvæmd eignaupptöku.
- Nú er það sem gert hefur verið upptækt í vörslu lögreglu og skal lögreglustjóri þá ráðstafa því ef ætla má að það hafi verðgildi umfram kostnað við sölu. Eftir því sem átt getur við skal ákvæðum laga um nauðungarsölu beitt til að koma upptækum munum í verð að kröfu lögreglustjóra. Að öðrum kosti skal eyða því sem gert hefur verið upptækt.

## XI. kafli. Innheimtuúrræði

### ■ 93. gr. *Launaafdráttur og skuldajöfnuður*

Innheimtuaðila er heimilt að krefjast launaafdráttar við launagreiðanda hafi krafa vegna sektar eða sakarkostnaðar ekki verið greidd eða um hana samið innan tilskilins frests. Heimild þessi nær til hvers kyns greiðslna sem skuldunautur kann að fá og teljast til staðgreiðsluskyldra launa sbr. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Hefur innheimtuaðili í þessum tilgangi aðgang að staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.

Greiðanda sbr. 1. mgr. er skylt að halda eftir af launum skuldunautar að kröfu innheimtuaðila. Heimilt er að gera aðför hjá launagreiðanda vegna launaafdráttar sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt ákvæði þessu.

Afdrætti samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að beita samhliða launaafdrætti skv. 115. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag launaafdráttar í reglugerð.

Heimilt er að skuldajafna sekt og sakarkostnaði mót inneign skuldunautar vegna ofgreiddra skatta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Heimild til skuldajafnaðar nær einnig til inneignar skuldunautar í virðisaukaskatti.

### ■ 93. gr. a. *Aðför o.fl.*

Innheimta má ógreidda sekt og sakarkostnað, svo og eftirstöðvar slíkra krafna, með aðför, eftir atvikum til viðbótar launaafdrætti og/eða skuldajöfnuði. Almennt skal innheimta kröfu með aðför verði hún ekki uppgreidd innan 12 mánaða með launaafdrætti og/eða skuldajöfnuði.

Auk aðgangs að fasteigna- skipa- og ökutækjaskrá til eignakönnunar hefur innheimtuaðili heimild til að kanna eignir skuldunautar sem varðveittar kunna að vera í bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. innlán, hlutabréfa- og verðbréfaeign. Þagnarskylda takmarkar ekki aðgang að upplýsingum samkvæmt ákvæði þessu og er fjármálafyrirtæki skylt að upplýsa innheimtuaðila án endurgjalds um eignastöðu viðskiptamanna sinna hjá fyrirtækinu samkvæmt beiðni þar um.

Héraðssaksóknara og lögreglu er heimilt að veita innheimtuaðila upplýsingar að eigin frumkvæði um eignir skuldunauta sem lögregla hefur haldlagt og/eða kyrrsett, svo og upplýsingar um hvar eignir þessar eru varðveittar. Skylt er héraðssaksóknara og lögreglu að veita slíkar upplýsingar kalli innheimtuaðili eftir þeim. Þá er ríkisskattstjóra skylt að veita innheimtuaðila aðgang að skattframtölum til eignakönnunar.

Til tryggingar greiðslu sekta og sakarkostnaðar getur innheimtuaðili krafist kyrrsetningar hjá skuldunaut ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun.

Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar samkvæmt 4. mgr. fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanirnar. Kyrrsetning fellur niður ef skuldunautur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

### ■ 94. gr. *Undanskot eigna*

Hafi sökunautur á síðustu sex mánuðum fyrir brotadag eða síðar ráðstafað fjármunum sínum eða átt þannig viðskipti að verulega frábrugðið þyki því sem almennt gerist, og ætla má fjárhag hans bágari fyrir vikið, getur innheimtuaðili gert aðför í verðmætum sem án slíks gernings hefðu verið í eigu sökunautar.

Sé ljóst að sökunautur heldur eftir nægilegum efnum til greiðslu skuldbindinga sinna skal heimildum skv. 1. mgr. ekki beitt gagnvart honum eða viðsemjendum hans.

*Breytingar á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála:*

■ **156. gr.** Ákæra ásamt fyrirkalli, hér eftir nefnd í einu lagi ákæra, skal birt fyrir ákærða sjálfum, sé þess kostur, en annars fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu ellegar fyrir heimilismanni eða öðrum sem dvelur eða hittist fyrir á skráðu lögheimili hans. Þeim sem birt er fyrir er skylt að segja á sér deili.

Ákæra skal birt af einum lögreglumanni, fangaverði eða öðrum starfsmanni lögreglustjóra eða Fangelsismálastofnunar ellegar stefnuvotti nema hún sé birt á dómþingi af dómara. Skal sá sem birtingu annast votta hana með áritun á ákæru eða sérstöku vottorði. Þeim sem ákæra er birt skal afhent afrit af henni. Sé hún birt fyrir öðrum en ákærða sjálfum ber þeim, að viðlagðri sekt, að koma afriti ákæru í hendur hans, en sé þess ekki kostur þá í hendur þess sem telja má líklegastan til að koma afriti til skila í tæka tíð. Skal sá sem birtingu annast benda þeim sem birt er fyrir á þessa skyldu.

■ **239 gr.** Lagt skal út fyrir sakarkostnaði úr ríkissjóði. Sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt dómi, úrskurði, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórasedkt skal innheimtur hjá honum samkvæmt X. og XI. kafla laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016. Skal hann bera kostnað af þeim aðgerðum, svo og aðgerðum vegna fullnustu refsingar og annarra viðurlaga á hendur honum, til viðbótar sakarkostnaði.

Nú liggur nægilega ljóst fyrir að sakfelldur maður hefur hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða og ber þá að falla frá kröfu á hendur honum um greiðslu kostnaðarins. Ráðherra er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd samkvæmt ákvæði þessu.

Sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt dómi, úrskurði, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórasedkt fyrnist á 10 árum. Um fyrningu sakarkostnaðar fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

*Breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940:*

■ **54. gr.** [Þegar sekt er tiltekin ákveður dómstóll í dómi, úrskurði eða sátt tímalengd vararefsingar, sem ekki skal vera styttri en 2 dagar og ekki lengri en 2 ár.]<sup>1)</sup>

Hafi hluti sektar verið greiddur, ákveður innheimtuaðili<sup>2)</sup> sá, sem annast fullnustu sektardóms, styttingu afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig, að hann verði ekki undir framangreindu lágmarki, og að sektarfjárhæð, sem svarar til hluta úr degi, afplánist með heilum degi.

[...]<sup>1)</sup>

[Sekt allt að 500.000 krónum, sem ekki er ákveðin af dómstólum og sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra [eða lögreglumanni],<sup>3)</sup> afplánast að innheimtu fullreyndri með fangelsi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Sekt	Vararefsing
0 - 29.999 kr.	2 dagar
30.000 - 59.999 kr.	4 dagar
60.000 - 89.999 kr.	6 dagar
90.000 - 119.999 kr.	8 dagar
120.000 - 149.999 kr.	10 dagar
150.000 - 179.999 kr.	12 dagar
180.000 - 209.999 kr.	14 dagar
210.000 - 239.999 kr.	16 dagar
240.000 - 269.999 kr.	18 dagar
270.000 - 300.000 kr.	20 dagar <sup>4)</sup>

Sekt	Vararefsing
1 - 50.000 kr.	2 dagar
50.001 - 100.000 kr.	4 dagar
100.001 - 150.000 kr.	6 dagar
150.001 - 200.000 kr.	8 dagar
200.001 - 250.000 kr.	10 dagar
250.001 - 300.000 kr.	12 dagar
300.001 - 350.000 kr.	14 dagar
350.001 - 400.000 kr.	16 dagar
400.001 - 450.000 kr.	18 dagar
450.001 - 500.000 kr.	20 dagar

Lagagrundvöllur vararefsingarinnar og lengd [fangelsisins] <sup>1)</sup> skulu tilgreind í lögreglustjórasátt og skal sakborningur gangast skriflega undir vararefsinguna ásamt öðrum viðurlögum.] <sup>5)</sup>

Gera má upptækan ávinning af broti og muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Í stað upptöku ávinnings eða muna sem komið hafa í stað hans má með jafnvirðisupptöku gera upptæka fjárhæð sem svarar til ávinningsins í heild eða að hluta. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina.

Kostnaður sem tengist framkvæmd brots dregst ekki frá fjárhæð ávinnings.] <sup>1)</sup>

■ **[83. gr. a.** [Fésekt, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist þegar liðin eru 5 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt. Þegar fjárhæð fésektar er 5.000.000 krónur eða hærri er fyrningarfresturinn þó 10 ár.] <sup>1)</sup>

Fyrning er rofin semji sektarþoli um greiðslu sektar eða inni hann hlutagreiðslu hennar af hendi, ella þegar beiðni um aðför berst sýslumanni eða ákvörðun um afplánun vararefsingar hefur verið birt sektarþola. Hefst nýr fyrningarfrestur frá þeim degi.

Um fyrningu vararefsingar og slit fyrningar fer samkvæmt 1. og 2. mgr.

Eignarupptaka, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fellur niður þegar liðin eru 5 ár frá því að unnt var að fullnægja ákvörðun um eignarupptöku. Í dómi er þó heimilt að ákveða að frestur sé allt að 10 árum. Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um eignarupptöku. Jafnvirðisupptaka skv. 2. másl. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 69. gr. a. fellur þó ekki niður fyrr en liðin eru 10 ár frá því að unnt var að fullnægja ákvörðun um slíka upptöku.

Sá tími, sem fullnusta frestast vegna ákvæða skilorðsdóms eða skilyrtrar náðunar, telst ekki með fyrningarfresti.] <sup>2)</sup>

Ákvæði 2. másl. 2. mgr. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, er varða nýjan tveggja ára fyrningartíma krafna frá lokum gjaldþrotaskipta og síðari slit fyrningar, taka hvorki til fésektar né vararefsingar er við henni liggur við gjaldþrot sektarþola.